

155. löggjafarþing 2024–2025.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl.
(nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl.).

Frá fjármála- og efnahagsráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. tölul. 4. gr. laganna:

6. másl. orðast svo: Þrátt fyrir 1. másl. er lögaðila heimilt að stunda takmarkaða atvinnustarfsemi til fjáröflunar innan þeirra marka sem tilgreind eru í samþykktum hans og leiða má beint af tilgangi lögaðilans og atvinnustarfsemin hefur aðeins óverulega fjárhagslega þýðingu með tilliti til heildartekna hans eða er óverulegur hluti heildarstarfsemi.
- Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um frekari skilgreiningar á starfsemi til almannaheilla og þau skilyrði sem uppfylla þarf fyrir skráningu í almannaheillaskrá Skattsins.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 67. gr. A laganna:

- Orðin „og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu auðlegðarskatts hans á álagningarárinu“ í 1. og 3. másl. falla brott.
- Í stað „22/37“ í 4. másl. kemur: 22/31.

3. gr.

Við 1. mgr. 90. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Í þeim samskiptum sem eiga sér stað samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum er nægjanlegt að nafn starfsmanns komi fram.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. laganna:

- Orðin „og til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar um upplýsingaskipti á sviði skattamála“ í 7. mgr. falla brott.
9. mgr. orðast svo: Ríkisskattstjóri getur krafist upplýsinga ókeypis og á því formi sem hann ákveður til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar um upplýsingaskipti á sviði skattamála, þar á meðal frá fjármálastofnunum um framkvæmd áreiðanleikakannana á viðskiptamönnum sínum. Ráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd upplýsingaöflunar á grundvelli þessarar málsgreinar.

- c. Við bætist málsgrein, svohljóðandi: Fjármálastofnun sem ekki hefur fullnægt upplýsingaskyldu sinni á grundvelli 9. mgr. vegna viðskiptamanns sem samþykktur hefur verið í viðskipti telst brotlegt skv. 1. málsl. 8. mgr. Ríkisskattstjóra er heimilt að beita dagsektum, sem geta numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. á dag frá þeim degi sem viðskiptamaður er samþykktur og fram að þeim degi sem skyldunni er fullnægt. Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður, þó skilaskyldur aðili skili síðar gögnum. Ríkisskattstjóra er heimilt að fella niður sektir sé sýnt fram á óviðráðanlegar ástæður eða aðrar gildar ástæður séu bornar fram fyrir vanskilum.

5. gr.

2. mgr. 99. gr. laganna orðast svo: Úrskurðir skulu uppkveðnir af ríkisskattstjóra eða af starfsmanni í umboði hans og skal koma fram í úrskurði nafn þess sem ákvörðun tók.

6. gr.

Við 103. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að sú málsmeðferð og þær ákvarðanir sem skattranssóknarstjóri hefur með höndum samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum sé rafræn. Í þeim samskiptum sem eiga sér stað skv. 1. málsl. er nægjanlegt að nafn starfsmanns komi fram.

II. KAFLI

Breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:

- a. Í stað „5.400 kr.“ í 3. tölul. kemur: 6.500 kr.
- b. Á undan „ökuskírteini“ í 11. tölul. kemur: stafrænt.
- c. Á undan „bráðabirgðaökuskírteini“ og „ökuskírteini“ í 12. tölul. kemur: stafrænt.
- d. Á undan „ökuskírteini“ í 13. tölul. kemur: stafrænt.
- e. Á eftir 13. tölul. koma þrjár nýir töluliðir, svohljóðandi:
 14. Fyrir ökuskírteini á plasti 2.000 kr.
 15. Fyrir flýtiafgreiðslu ökuskírteinis á plasti 4.000 kr.
 16. Fyrir ökuskírteini á plasti 65 ára og eldri 500 kr.

III. KAFLI

Breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

8. gr.

Við 8. mgr. 36. gr. c laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Þá er lífeyrissjóði heimilt að eiga allt að 35% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem eingöngu fjárfesta í litlum eða meðalstórum fyrirtækjum skv. 1. og 2. tölul. 3. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki eða einstakri deild þeirra, þó aldrei umfram 1% heildareigna sinna í hverjum sjóði.

IV. KAFLI

Breyting á búvörulögum, nr. 99/1993.

9. gr.

Í stað orðanna „2023 og 2024“ í 1. málsl. EE-liðar ákvæðis til bráðabirgða í lögnum kemur: 2023, 2024 og 2025.

V. KAFLI

Breyting á búnaðarlögum, nr. 70/1998.

10. gr.

15. gr. laganna fellur brott.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um innheimtu opinberra skatta og gjalda, nr. 150/2019.

11. gr.

3. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Hafi gjaldandi höfðað dómsmál til endurgreiðslu skatta, gjalda eða sekta má hann krefjast dráttarvaxta frá þeim tíma þegar dómsmál telst höfðað. Hafi gjald verið dæmt ólögumætt leggjast dráttarvextir á greiðslur málshefjanda sem inntar voru af hendi eftir málhöfðun frá greiðsludegi, þar til endurgreiðsla fer fram.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á j-lið 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna:

- a. Í stað „og ferðaskipuleggjenda“ kemur: ferðaskipuleggjenda og leiðsögumanna.
- b. Orðin „og þjónustu“ falla brott.

13. gr.

3. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði 2. mgr. gilda einnig um eftirtalda aðila við nýskráningu og endurskráningu á virðisaukaskattsskrá skv. 5. gr.:

1. Þann sem orðið hefur gjaldþrota á næstliðnum 5 árum fyrir skráningu á virðisaukaskattsskrá.

2. Þann sem hefur verið eigandi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri í gjaldþrota félagi einhvern tímann á síðustu 12 mánuðum fyrir gjaldþrot þess og það hafi orðið gjaldþrota á næstliðnum 5 árum fyrir skráningu á virðisaukaskattsskrá.

3. Félag ef eigandi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri þess hefur verið úrskurðaður gjaldþrota á næstliðnum fimm árum fyrir skráningu á virðisaukaskattsskrá.

4. Félag ef eigandi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri þess var eigandi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri í gjaldþrota félagi einhvern tímann á síðustu 12 mánuðum fyrir gjaldþrot þess og það hafi orðið gjaldþrota á næstliðnum 5 árum fyrir skráningu á virðisaukaskattsskrá.

VIII. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005.

14. gr.

Á eftir 3. mgr. 30. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Tollyfirvöld skulu í þágu almenns tolfertirlits hafa aðgang að rafrænni vöktun og upptökum úr myndavélakerfum þeirra sem viðhafa slíka vöktun í tollhöfnum, þar sem fyrsta og síðasta viðkoma fars er hér á landi, á hafnarsvæðum, sem og geymslusvæðum fyrir ótollafgreiddar vörur. Tollyfirvöldum er þannig heimilt, eftir því sem þau telja sig þurfa, að taka sjálf upp efni úr rafrænni vöktun sem þau fá aðgang að eða afrit af þeim upptökum sem þau fá aðgang að. Veita skal tollyfirvöldum aðgang að rafrænni vöktun bæði endurgjaldslaust og á því tæknilega

formi og með þeim hætti sem tollyfirvöld mæla fyrir um. Tollyfirvöldum er jafnframt heimilt að viðhafa sjálf rafræna vöktun og taka upp efni úr henni eftir því sem þau telja sig þurfa.

15. gr.

Í stað „svo og“ í 2. mgr. 121. gr. laganna kemur: en heimilt.

16. gr.

Við 156. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er tollgæslu heimilt að leita í innrituðum farangri farþega og áhafnar að viðkomandi fjarstöddum ef það leiðir til óhóflegra tafa eða annarra erfiðleika að hann sé viðstaddur leitina. Upplýsa skal viðkomandi um að tollskoðun hafi farið fram ef hann hefur ekki verið viðstaddur leitina.

17. gr.

Við 4. mgr. 159. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Heimilt er að nota lágskammta röntgenskanna við nákvæma leit að fengnu samþykki viðkomandi.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 180. gr. a laganna:

- a. Í stað „fyrirtæki og einstaklingar sem brjóta“ kemur: hvern þann sem brýtur.
- b. Á eftir „skv.“ kemur: 4. mgr. 30. gr.

19. gr.

Í stað „fyrirtæki“ í 2. másl. 4. mgr. 180. gr. a laganna kemur: lögaðila.

IX. KAFLI

Breyting á lögum um gistináttaskatt, nr. 87/2011.

20. gr.

Heiti laganna orðast svo: Lög um gistináttaskatt og innviðagjald.

21. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Greiða skal gistináttaskatt af hverri seldri gistináttaeiningu á:

- a. gististað sem hefur rekstrarleyfi í flokki II-IV, sbr. 3. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007,
- b. tjaldstæði og stæði fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi.

Greiða skal gistináttaskatt fyrir hvern dvalargest sem hefur gistináttaeiningu til afnota um borð í skemmtiferðaskipi í innanlandssiglingum við Ísland.

Með gistináttaeiningu er átt við leigu á gístiaðstöðu í allt að einn sólarhring, þ.m.t. yfir nótt. Með gístiaðstöðu er átt við húsnæði eða svæði, þar á meðal um borð í skemmtiferðaskipi, sem leigt er út í þeim tilgangi að þar sé dvalið yfir nótt, svefnaðstaða sé fyrir hendi eða hægt sé að koma henni fyrir og leigan sé almennt til skemmri tíma en eins mánaðar.

Gistináttaskattur af hverri seldri gistináttaeiningu skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

- a. Fyrir gístiaðstöðu skv. a-lið 1. mgr.: 800 kr.
- b. Fyrir gístiaðstöðu skv. b-lið 1. mgr.: 400 kr.

Gistináttaskattur fyrir hvern dvalargest skv. 2. mgr. skal vera 400 kr. fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem farþegi dvelur í skipinu.

Gistináttaskattur samkvæmt ákvæði þessu myndar ekki gjaldstofn til virðisaukaskatts.

22. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Ekki skal greiða gistináttaskatt í eftirfarandi tilvikum:

- a. við sölu á gistináttaeiningu sem ekki ber virðisaukaskatt samkvæmt lögum um virðisaukaskatt.
- b. fyrir gístaðstöðu sem áhöfn og annað starfsfólk í skemmtiferðaskipti í innanlandssiglingu við Ísland hefur til umráða um borð í skipinu.

23. gr.

Á eftir 3. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 3. gr. a og 3. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (3. gr. a)

Innviðagjald.

Greiða skal innviðagjald fyrir hvern farþega um borð í skemmtiferðaskipi í millilandasiglingum meðan skipið dvelur í höfn hér á landi eða annars staðar á tollsvæði ríkisins, sbr. 2. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Innviðagjald skal vera 2.500 kr. fyrir hvern farþega fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem skipið dvelur á tollsvæði ríkisins skv. 1. mgr.

b. (3. gr. b)

Undanþágur frá innviðagjaldi.

Ekki skal greiða innviðagjald í eftirfarandi tilvikum:

- a. ef skemmtiferðaskip í millilandasiglingum leggst að höfn hér á landi og fyrir liggur með sannanlegum hætti að skipið hafi verið í nauðum statt vegna áreksturs, sjóskemmda, veikinda eða ófriðar,
- b. fyrir áhöfn og annað starfsfólk um borð í skemmtiferðaskipi í millilandasiglingum.

24. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Þeim sem selja gistináttaeiningar skv. 1. mgr. 2. gr. og rekstraraðilum skemmtiferðaskipa í innanlandssiglingum um Ísland skv. 2. mgr. 2. gr. ber skylda til að greiða gistináttaskatt.

Rekstraraðilum skemmtiferðaskipa í millilandasiglingum skv. 3. gr. a ber skylda til að greiða innviðagjald.

Skattskyldir aðilar skulu ótilkvaddir senda ríkisskattstjóra tilkynningu um skattskylda starfsemi áður en hún hefst.

Ríkisskattstjóri heldur skrá yfir skattskylda aðila samkvæmt lögum þessum. Rekstraraðilum skemmtiferðaskipa skv. 2. mgr. 2. gr. og skemmtiferðaskipa í millilandasiglingum skv. 3. gr. a er heimilt að skrá sig á gistináttaskattskrá í eigin nafni.

25. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóri annast álagningu gistináttaskatts skv. 2. gr.

Skattskyldir aðilar skv. 2. gr. skulu greiða gistináttaskatt fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við fjölda seldra gistináttaeininga eða fjölda farþega skemmtiferðaskips.

Uppgjörstímabil gistináttaskatts skulu vera þau sömu og uppgjörstímabil virðisaukaskatts skv. 1. másl. 1. mgr. 24. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Gjaldldagi er fimmti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Eigi síðar en á gjaldldaga skulu skattskyldir aðilar ótilkvaddir skila Skattinum skýrslu um fjölda seldra gistinátta eða fjölda farþega skemmtiferðaskips á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu skattsins til innheimtumanns ríkissjóðs. Beri gjaldldaga gistináttaskatts upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir.

Skýrslur vegna gistináttaskatts skulu vera á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

26. gr.

Á eftir 5. gr. a laganna kemur ný grein, 5. gr. b, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Álagning innviðagjalds.

Ríkisskattstjóri annast álagningu innviðagjalds skv. 3. gr. a.

Uppgjörstímabil innviðagjalds hjá rekstraraðilum skemmtiferðaskipa skv. 3. gr. a telst vera sá tími á meðan skipið er innan tollsvæðis ríkisins hverju sinni. Gjaldldagi er sjö dögum eftir að skip yfirgefur tollsvæði ríkisins.

Eigi síðar en á gjaldldaga skulu rekstraraðilar skemmtiferðaskipa ótilkvaddir skila Skattinum skýrslu um fjölda farþega á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu skattsins til innheimtumanns ríkissjóðs. Beri gjaldldaga innviðagjalds upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir.

Skýrslur vegna innviðagjalds skulu vera á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

27. gr.

Á eftir orðunum „gistináttaskatti“ og „gistináttaeininga“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: eða innviðagjaldi; og: eða fjölda farþega.

X. KAFLI

Breyting á lögum um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004.

28. gr.

Í stað orðanna „líf- og heilsutryggingar“ í 1. másl. 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: líftryggingu, slysatryggingu og sjúkratryggingu.

29. gr.

Á eftir orðinu „skaðatrygging“ í a. lið 21. tölul. 2. gr. laganna kemur: eða persónutrygging.

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo: Við dreifingu skaðatrygginga og þeirra persónutrygginga sem falla undir 20. gr. laga um váttryggingastarfsemi skal dreifingaraðili veita staðlaðar upplýsingar á sérstöku skjali á pappír eða öðrum varanlegum miðli. Váttryggingafélag skal útbúa slíkt upplýsingaskjal vegna allra váttrygginga samkvæmt þessari málsgrein.
- b. Orðin „vegna skaðatrygginga“ í fyrirsögn greinarinnar falla brott.

31. gr.

Orðin „vegna persónutrygginga“ í fyrirsögn 11. gr. laganna falla brott.

XI. KAFLI

Breyting á lögum um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016.

32. gr.

Á eftir orðunum „skaðatrygginga og“ í 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: persónutrygginga, þar með talið.

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „skaðatryggingum“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og þeim persónutryggingum, sem getur í þessari grein.
- b. Á eftir orðinu „skaðatrygginga“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: og persónutrygginga.
- c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Starfsleyfi í skaðatryggingum o.fl.*

34. gr.

Á eftir orðinu „skaðatrygginga“ í 22. gr. laganna kemur: og tilteknum greinaflokkum persónutrygginga.

35. gr.

Í stað orðanna „telst til skaðatrygginga“ í 2. tölul. 2. mgr. 73. gr. laganna kemur: telst skaðatryggingastarfsemi.

XII. KAFLI

Breyting á lögum um dreifingu váttrygginga, nr. 62/2019.

36. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „skaðatrygginga“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og tilgreindra persónutrygginga.
- b. Orðin „2. mgr. 20. gr. og“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995.

37. gr.

Heiti laganna orðast svo: Lög um gjald af áfengi, tóbaki, nikótíni o.fl.

38. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur nýr kafli, III. kafli, **Gjald á vörur skv. lögum nr. 87/2018**, með sjö nýjum greinum, 10. gr. b – 10. gr. h, svohljóðandi, og breytist kaflanúmer sem á eftir kemur:

- a. (10. gr. b)

Greiða skal til ríkissjóðs sérstakt gjald af nikótínvörum, vökva í einnota rafrettum og vökva til áfyllingar fyrir rafrettur, sem fluttar eru hingað til lands eða eru framleiddar hér á landi.

Með nikótínvörum, vökva í einnota rafrettum og vökva til áfyllingar fyrir rafrettur er átt við vörur sem falla undir lög nr. 87/2018 og flokkast í 24. kafla í viðauka við tollalög, nr. 88/2005.

- b. (10. gr. c)

Gjaldskyldir aðilar samkvæmt kafla þessum eru allir þeir sem flytja inn eða framleiða vörur skv. 10. gr. b hér á landi til sölu eða vinnslu.

Gjaldskyldir aðilar eru enn fremur þeir sem flytja með sér til landsins vörur skv. 10. gr. b til eigin nota, svo og þeir sem fá sendar slíkar vörur erlendis frá án þess að það sé til sölu eða vinnslu.

Aðilar sem eiga rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. 10. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, eru undanþegnir gjaldskyldu við innflutning í samræmi við sérlög eða ákvæði alþjóðasamninga eða tvíhliða samninga.

c. (10. gr. d)

Fjárhæð gjalds á vörur skv. 10. gr. b skal vera sem hér segir:

1. Nikótínvörur: 30 kr. fyrir hvert gramm af heildarþyngd vörunnar.
2. Vökvi í einnota rafretum: 60 kr. á hvern millilítra af vökva.
3. Vökvi til áfyllingar á rafretum: 60 kr. á hvern millilítra af vökva.
4. Af vörum skv. 1.-3 tölul. sem seldar eru í tollfrjálsum verslunum sem falla undir ákvæði 2. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005: 50% af gjaldi skv. 1.-3. tölul.

Gjald skv. 1. mgr. skal lagt á í samræmi við upplýsingar sem tilgreindar eru á umbúðum vöru.

Ef umbúðir vöru greina ekki magn sem aðilar sem tilgreindir eru í 2. mgr. 10. gr. c flytja til landsins eða fá sent erlendis frá er tollyfirvöldum heimilt að meta magn og ákvarða gjald eftir því.

d. (10. gr. e)

Þeir sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 10. gr. c skulu ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til ríkisskattstjóra. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skal tilgreina nafn, firmanafn, heimili og kennitölu rekstraraðila og hvers konar framleiðslu eða innflutning sé um að ræða.

Ríkisskattstjóri skal halda skrá yfir alla þá sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 10. gr. c laga þessara.

e. (10. gr. f)

Gjald af innfluttum vörum skv. 10. gr. b skal greitt við tollafgreiðslu þeirra.

Af vörum skv. 10. gr. b, sem framleiddar eru innan lands til sölu þar, reiknast gjald við sölu eða afhendingu vörunnar frá verksmiðju eða framleiðanda til kaupanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla fer fram.

Uppgjörstímabil gjalds skv. 2. mgr. er einn almanaksmánuður. Gjaldi ásamt skýrslu skal skila eigi síðar en á öðrum virka degi eftir lok hvers uppgjörstímabils vegna sölu eða afhendingu á vörum á því tímabili.

f. (10. gr. g)

Ríkisskattstjóri leggur á gjald skv. 10. gr. d.

Sé gjald ekki greitt á gjalddaga, sbr. 10. gr. f, skal aðili sæta álagi til viðbótar því gjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef framleiðandi á vörum skv. 10. gr. b hefur ekki skilað skýrslu eða henni verið ábótavant og gjald því áætlað, nema hann hafi greitt fyrir gjalddaga upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé gjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu reiknaðir frá og með gjalddaga.

Verði vanskil á greiðslu gjalds skal ríkisskattstjóri synja innflytjanda eða framleiðanda vöru skv. 10. gr. b um frekari greiðslufrest meðan vanskil vara.

Ef um er að ræða ítrekuð eða stórfelld vanskil á greiðslu gjalds, álags skv. 2. mgr. eða dráttarvaxta skv. 3. mgr. geta tollyfirvöld án fyrirvara stöðvað tollafgreiðslu á öðrum vörum til skuldara eða látið lögreglu stöðva atvinnurekstur skuldarans, m.a. með því að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð, enda telji tollyfirvöld hagsmuni ríkissjóðs ekki verða tryggð með öðrum hætti.

g. (10. gr. h)

Gjald skv. 10. gr. d skal fellt niður eða endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

1. Við sölu á vörum skv. 10. gr. b úr landi.
2. Jafnframt af vörum skv. 10. gr. b sem gjald hefur verið reiknað eða greitt af en er síðar sent til útlanda, í tollfrjálsa verslun, í tollvöruhegrymslu, í tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði eða er fargað undir eftirliti tollyfirvalda.
3. Við innflutning á vörum skv. 10. gr. b til aðila sem njóta skattfrelsis hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
4. Við innflutning og sölu á vörum skv. 10. gr. b til framleiðslu á vörum sem eru gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum til framleiðenda sem hafa leyfi til að selja vörurnar skv. 14. gr. a laga um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018.

39. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „og 2. mgr. 10. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 1. mgr. 10. gr. og 10. gr. h
- b. Í stað orðanna „og tóbaki“ í 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. kemur: tóbaki, nikótínvörum, vökva í einnota rafrettum og vökva til áfyllingar fyrir rafrettur.

40. gr.

- c. Í stað orðanna „og tóbaki“ í 12. gr. laganna kemur: tóbaki, nikótínvörum, vökva í einnota rafrettum og vökva til áfyllingar fyrir rafrettur.

41. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Gjaldskyldir aðilar skv. 10. gr. c sem framleiða vörur skv. 10. gr. b hér á landi til sölu eða vinnslu við gildistöku laganna skulu tilkynna ríkisskattstjóra um starfsemi sína eigi síðar en 15. janúar 2025.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009.

42. gr.

Á eftir orðinu „þróunarverkefna“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: sem þau bera sjálf fjárhagslega áhættu af, og.

43. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Orðið „húsnæðis“ í 5. tölul. fellur brott.
- b. Við 5. tölul. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Til beins kostnaðar telst ekki kostnaður sem tengist fjármögnun, afnota af húsnæði hvort sem það er leiga eða fyrning eða sölu- og markaðsstarfsemi.
- c. Í stað „fyrirtækið“ í 6. tölul. kemur: nýsköpunarfyrirtækið.
- d. Í stað orðsins „möguleika“ í 9. tölul. kemur: markaðstækifæri fyrir þá vöru, þjónustu eða framleiðsluaðferð sem verið er að þróa í verkefninu, ásamt meginforsendum sem viðkomandi áætlun byggir á.

44. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Fyrirtæki ber að tilgreina í umsókn hvort fyrirtæki því tengt, hafi jafnframt lagt fram umsókn á grundvelli 4. gr.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: að fram komi töluleg markmið um áhrif á rekstrartekjur/útflutning, störf og/eða annan virðisauka nýsköpunarfyrirtækis sem verði til vegna verkefnisins á líftíma afurða þess, ásamt áætlun um markaðssetningu og forsendum hennar.
- b. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: „starfsmenn nýsköpunarfyrirtækis hafi sérfræðimenntun, þjálfun, eða reynslu á þeim fagsviðum sem hugmynd að virðisaukandi vöru, þjónustu eða framleiðsluaðferð byggist á.
- c. Við bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Einungis er heimilt að framlengja umsókn um sama verkefni sem fengið hefur staðfestingu skv. 1. mgr. 5. gr. í tvígang. Ef sama verkefni hefur fengið framlengingu í tvígang getur umsækjandi sótt um staðfestingu á nýju verkefni, sem byggir á fyrra verkefni, ef sýnt er fram á að áfangamarkmiðum hafi sannanlega verið náð og nýtt verkefni byggji á þeim árangri.

Rannís getur afturkallað staðfestingu skv. 1. mgr. ef forsendubreyting hefur átt sér stað frá því umsókn var staðfest. Er Rannís heimilt að krefjast upplýsinga og gagna, á því formi sem það óskar, til að leggja mat á hvort forsendubreyting sé til staðar. Telst það forsendubreyting ef verkefni telst ekki uppfylla skilyrði fyrir staðfestingu, sbr. 4. og 5. gr. sem og ef upplýsingagjöf er ábótavant þannig ekki sé hægt að leggja mat á þau atriði. Á framangreint jafnt við um verkefni sem uppfylltu skilyrði laganna en gera það ekki lengur sem og verkefni sem uppfylltu ekki skilyrðin, s.s. ef umsókn hefur byggst á röngum, villandi eða vafasömum upplýsingum. Afturköllun samþykkis getur haft áhrif á núverandi og fyrri tekjuár hverju sinni.

46. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein svohljóðandi:
- b. Ríkisskattstjóra er samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði heimilt að veita Rannís tiltækar upplýsingar um umsækjenda sem skipta máli við afgreiðslu umsóknar. Sama á við um upplýsingar í tengslum við eftirfylgni með staðfestum verkefnum um hvort forsendubreyting hafi átt sér stað.

c. 3. máls. 3. mgr. fellur brott.

47. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. 1.-3. másl. 1. mgr. orðast svo: Nýsköpunarfyrirtæki sem er eigandi að rannsóknar- og/eða þróunarverkefnum sem hlotið hafa staðfestingu skv. 5. gr. eiga rétt á sérstökum frádrætti frá álögðum tekjuskatti sem nemur 35 hundraðshlutum af útlögðum, styrkhæfum kostnaði í tilviki lítilla og meðalstórra fyrirtækja en 15 hundraðshlutum í tilviki stórra fyrirtækja enda sé um að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað í skilningi 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti frá álögðum tekjuskatti skal vera samtals 900.000.000 kr. á rekstrarári, þar af skal heimilt að telja til þeirrar fjárhæðar allt að 20% vegna aðkeyptrar rannsóknar- eða þróunarvinnu skv. 6. gr.
- b. 3. mgr. orðast svo: Kostnaður sem fellur til í atvinnurekstri tengdum rannsóknum og þróun skapar ekki frádráttarrétt hjá söluaðila, enda færast slíkur kostnaður til frádráttar hjá kaupanda. Kostnaður sem fellur til vegna umsóknar til Rannís myndar ekki frádráttarrétt hjá nýsköpunarfyrirtæki. Kostnaður sem fellur til vegna rannsóknar- og þróunarverkefnis sem unnið er fyrir annan aðila sem greiðir fyrir þá vinnu að skv. samningi, án annarrar áhættu nýsköpunarfyrirtækis, en að skila tilteknum niðurstöðum til nota fyrir greiðanda verkefnisins, telst þannig ekki uppfylla markmið laga þessara eins og þau eru skilgreind í 1. gr.
- c. Á eftir 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hámark kostnaðar takmarkast við samanlagðan kostnað fyrirtækja sem teljast tengd og sótt hafa um skattfrádrátt skv. lögum þessum. Sé samanlagður kostnaður umfram hámarkið skiptist frádráttur hlutfallslega milli fyrirtækjanna af heildar styrkhæfum kostnaði þeirra. Fyrirtæki teljast tengd þegar:

- a. þau eru hluti samstæðu skv. 2. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, eða eru undir beinu og/eða óbeinu meirihlutaeignarhaldi eða stjórnunarlegum yfirráðum tveggja eða fleiri fyrirtækja innan samstæðu,
- b. eða meirihlutaeignarhald eins fyrirtækis yfir öðru er til staðar samanlagt með beinum og óbeinum hætti, eða
- c. þeir eru beint eða óbeint í meirihlutaeigu eða undir stjórnunarlegum yfirráðum einstaklinga sem eru tengdir sifjaréttarlegum böndum, t.d. einstaklinga í hjónabandi eða staðfestri samvist, systkina og einstaklinga sem eru skyldir í beinan legg.

Frádráttur samkvæmt lögum þessum, vegna aðkeyptrar þjónustu, er aðeins heimill þegar þjónusta vegna rannsóknar og þróunarverkefnis er keypt af fyrirtækjum innan EES eða landa sem Ísland hefur gert við tvísköttunar- eða upplýsingaskiptasamning.

48. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkisskattstjóra er heimilt að gera nýsköpunarfyrirtæki, sem hlotið hefur skattfrádrátt skv. 10. gr. laganna að greiða 25% álag á lækkun skattafrádráttar samkvæmt lögnum. Falla skal frá álaginu ef sýnt er fram á að skattaðila verði eigi kennt um annmarkana. Ennfremur skal ekki leggja á álag ef um refsiverðan verknað er að ræða.

49. gr.

Á undan 16. gr. laganna kemur ný grein 15. gr. a., svohljóðandi:

Refsingar.

Sé af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi talið rangt eða villandi fram í von um að nýsköpunarfyrirtæki fái notið skattafrádráttar skv. 10. gr. skal fara með skv. 8. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Sé framtalinn kostnaður byggður á tilhæfulausum eða fölsuðum gögnum sem myndað hefur grundvöll fyrir útgreiðslu skattafrádráttar skv. 2. másl. 11. gr. skal fara með slík brot samkvæmt almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Ákvæði 109. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt skuli taka til brota á lögum þessum.

50. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2025.

Stefnt skal að endurskoðun laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009, innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og varðar ýmsar breytingar á lögum um skatta og gjöld ásamt fleiri lögum. Um er að ræða breytingar sem snúa að starfsemi til almannaheilla og þeim skilyrðum sem þarf að uppfylla fyrir skráningu í almannaheillaskrá Skattsins, brottfall heimildar til að jafna ónýttum persónuafslætti á móti greiðslu auðlegðarskatts ásamt breytingu á hlutfalli óráðstafaðs persónuafsláttar sem ráðstafað er til greiðslu fjármagnstekjuskatts og undirritun stjórnvaldsáskvarðana Skattsins. Lagðar eru til breytingar sem munu styrkja gildandi lagagrundvöll við beitingu viðurlaga í tengslum við áreiðanleikakannanir vegna alþjóðlegra skuldbindinga um upplýsingaskipti á sviði skattamála. Þá eru lagðar til breytingar sem tengjast gjaldi fyrir skilnað að borði og sæng ásamt gjaldi fyrir útgáfu og framleiðslu ökuskírteina og breytingar til aukins skýrleika tengdar dráttarvöxtum hafi dómsmál verið höfðað til endurgreiðslu skatta, gjalda eða sekta. Lagðar eru til breytingar að því er varðar virðisaukaskatt á sölu á þjónustu leiðsögumanna til erlendra atvinnufyrirtækja auk þess sem aðilum er fjölgað sem gert er að skila virðisaukaskatti mánaðarlega. Enn fremur er kveðið á um aðgang tollyfirvalda að rafrænni vöktun á svæðum þar sem lögbundið tollefirtlit skal fara fram, um greiðslufrest við uppgjör á bráðabirgðatollafgreiðslu og tollafgreiðslu á grundvelli neyðarleysis, um heimild tollyfirvalda til að leita í innrituðum farangri farþega og áhafna og um heimild tollyfirvalda til að bjóða aðilum að nákvæm leit fari fram með notkun lágskammta röntgenskanna. Þá eru lagðar til breytingar á lögum um gistináttaskatt m.a. um að skemmtiferðaskipum í millilandasiglingum verði gert að greiða innviðagjald í stað gistináttaskatts, að skemmtiferðaskip í innanlandssiglingum greiði gistináttaskatt fyrir hvern farþega fyrir hvern sólarhring, að gistináttaskattur myndi ekki gjaldstofn til virðisaukaskatts og að fjárhæð gistináttaskatts taki breytingum. Jafnframt eru lagðar til breytingar á löggjöf á váttryggingamarkaði til að samræma orð- og hugtakanotkun á milli lagabálka. Loks er lögð til breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hún varðar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og er hluti af þeim aðgerðum sem boðaðar voru til vegna stuðnings á umgjörð lífeyrissjóða í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs. Þá er lögð er til framlenging bráðabirgðaákvæðis í búvörulögum um tímabil sem afmarka lægri innflutningstolla á tilteknar tegundir grænmetis og niðurlagning stofnverndarsjóðs íslenska hestakynsins og eru þau lög á forræði matvælaráðuneytis.

Frumvarpið hefur að geyma ákvæði sem mæla fyrir um gjalddöku á nikótínvörur og vökva í einnota rafrettur og vökva til áfyllingar í rafrettur, bæði innfluttar vörur og þær sem framleiddar eru hér á landi. Að lokum eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009, með það að meginmarkmiði að auka skýrleika að því er varðar eiganda verkefni og tengda aðila, auk þess sem leitast er við að skerpa á hæfisskilyrðum. Jafnframt eru lagðar til breytingar í því skyni að bæta eftirlit og upplýsingaöflun í samræmi við eftirlitshlutverk Rannís, ríkisskattstjóra sem og endurskoðenda/skoðunarmanna um réttmæti upplýsinga og verkþókhalds verkefna án þess þó að gengið sé gegn því markmiði laganna að efla rannsóknar og/eða þróunarstarf og bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja hér á landi.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Nauðsynlegt þykir að setja reglugerðarheimild handa ráðherra í lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, til að kveða á um frekari skilgreiningar á starfsemi til almannaheilla og þau skilyrði sem uppfylla þarf fyrir skráningu í almannaheillaskrá Skattsins. Jafnframt þykir ástæða til orðalagsbreytinga, m.a. vegna samkeppnissjónarmiða, þar sem hætta getur verið á því að félagasamtök eða stofnanir fái stundað samkeppnisrekstur í skjóli skráningar í almannaheillaskrá Skattsins.

Í frumvarpinu er lagt til brottfall heimildar til að jafna ónýttum persónuafslætti á móti greiðslu auðlegðarskatts. Heimildin, sem runnið hefur sitt skeið, telst óþörf enda tímabundinn auðlegðarskattur, sem lögfestur var í lok árs 2009 til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð, síðast lagður á við álagningu opinberra gjalda á einstaklinga árið 2014. Breyting á hlutfalli óráðstafaðs persónuafsláttar sem ráðstafað er til greiðslu fjármagnstekjuskatts telst nauðsynleg þar sem fórst fyrir að gera þær breytingar við tekjuskattsbreytingar 2020-2021.

Tilefni tillagna um að ríkisskattstjóra og starfsmönnum Skattsins verði ekki skylt að undirrita stjórnvaldsákvæðanir embættisins, hvort sem er rafrænt eða með eigin hendi, má rekja til stafrænna umbreytinga og þróunar á því sviði. Í stað undirritunar mun koma tölvuundirskrift, stimpill eða mynd af undirskrift.

Tillaga frumvarpsins um styrkingu gildandi lagagrundvallar við beitingu viðurlaga í tengslum við áreiðanleikakannanir vegna alþjóðlegra skuldbindinga um upplýsingaskipti á sviði skattamála er nauðsynleg til að tryggja að fjármálastofnanir sinni upplýsingaskyldu sinni.

Tillaga um sama gjald fyrir lögskilnaðarleyfi og leyfi til skilnaðar að borði og sæng miðar að því að einfalda innheimtu gjaldanna hjá sýslumanni þannig að síður komi til ofgreiðslu eða vangreiðslu vegna mismunar á fjárhæðum í þeim tilvikum að greitt sé fyrir skilnaðarleyfi án þess að ljóst sé hvort óskað sé lögskilnaðar eða skilnaðar að borði og sæng. Gjald fyrir útgáfu ökuskírteina á plasti er m.a. til komið vegna umhverfis-, öryggis- og kostnaðarsjónarmiða auk þess sem stafræn ökuskírteini eru í fullu gildi hérlendis.

Framlenging á bráðabirgðaákvæði búvörulaga um tímabil sem afmarka lægri innflutningstolla á tiltekna tegundir grænmetis miðar að því að tryggja nægjanlegt framboð til hagsbóta fyrir neytendur, koma í veg fyrir skortstöðu og draga úr líkum á tímabundnum verðhækkunum vegna álagningar tolla í þeim tilvikum þegar innlent vöruframboð er ekki nægjanlegt.

Tillögu um niðurlagningu stofnverndarsjóðs íslenska hestakynsins má rekja til brottfalls ákvæðis um gjald í stofnverndarsjóð íslenska hestsins sem byggðist á úrskurði yfirkattaneftndar nr. 217/2021 þar sem nefndin komst að þeirri niðurstöðu að lagastöð fyrir innheimtu gjaldsins væri ekki nægileg.

Lagðar eru til breytingatillögur til frekari skýrleika á rétti til dráttarvaxta hafi dómsmál verið höfðað til endurgreiðslu skatta, gjalda eða sekta og byggjast þær á dómi Hæstaréttar Íslands nr. 544/2017.

Tillaga um breytingu á j-lið 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, um að sala á þjónustu leiðsögumanna til erlendra fyrirtækja sem nýtt er hér á landi sé skattskyld hér, byggir á þeirri meginreglu að þjónusta, sem er þess eðlis að hún er að jafnaði bundin við tiltekinn stað sem venjulega er sá staður þar sem seljandi er staðsettur eða hún verði hvorki veitt né hennar notið nema bæði seljandi og kaupandi séu viðstaddir, er að jafnaði skattskyld í heimaríki seljanda.

Tillaga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, um að einstaklingum og lögaðilum, sem hafa ákveðin tengsl við félög sem hafa orðið gjaldþrota verður gert skylt að nota almanaxsmánuð sem uppgjörstímabil, er ætlað að bæta skil og eftirlit með greiðslu virðisaukaskatts.

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, þess efnis að heimila tollyfirvöldum aðgang að efni úr rafrænni vöktun frá öðrum á svæðum þar sem lögbundið tollefirlit þarf að fara fram, er ætlað að styrkja tollefirlit. Breyting á lögum um að veita greiðslufrest við uppgjör á aðflutningsgjöldum vegna bráðabirgðatollafgreiðslu eða tollafgreiðslu á grundvelli neyðarleyfa, er til hagsbóta fyrir innflytjendur. Tillaga um breytingu á tollalögum þess efnis að tollyfirvöldum verði heimilt að leita í innrituðum farangri farþega og áhafnar hefur þann tilgang að styrkja eftirlit og varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá eru lagðar til breytingar á tollalögum, nr. 88/2005, um að nákvæm leit á farþega geti farið fram með notkun á lágskammta röntgenskanna að fengnu samþykki hans. Tilgangurinn er að bæta og straumlínulaga eftirlit þegar upp vaknar grunur um mögulegt innvortis smygl hjá farþega við komu til landsins eða við brottför frá landinu. Tími tollefirlitsskoðunar mun styttest verulega, bæði farþegum og tollgæslunni til hagsbóta auk þess sem boðið er upp á möguleika sem lágmarkar óþægindi farþega sem sæta eftirliti.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um gistináttaskatt. M.a. er lagt til að skemmtiferðaskip í millilandasiglingum greiði innviðagjald í stað gistináttaskatts í þeim tilgangi að jafna, eins og mögulegt er, samkeppnisstöðu innlendra og erlendra fyrirtækja í ferðaþjónustu hér á landi. Breytingartillaga um að skemmtiferðaskip í innanlandsiglingum greiði gistináttaskatt fyrir hvern farþega í staðinn fyrir hverja gistináttaeiningu er gerð til að koma til móts við sjónarmið rekstraraðila skipanna um að slíkt fyrirkomulag sé mun einfaldara í framkvæmd. Þá er lagt til að gistináttaskattur myndi ekki stofn til virðisaukaskatts. Gistináttaskattur er lagður á rekstraraðila þeirra gististaða sem tilgreindir eru í lögum, þ.m.t. rekstraraðila skemmtiferðaskipa í innanlandssiglingum, og er skatturinn, sem slíkur, ekki hluti af þeim aðföngum sem liggja til grundvallar og nauðsynleg eru til að af sölu á gistingu geti orðið.

Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er lögð áhersla á umbætur í lífeyrismálum. Í stjórnarsáttmálanum kemur fram að ríkisstjórnin hyggist renna styrkari stoðum undir lífeyriskerfið og stuðla að aukinni hagkvæmni og fjölbreyttari ávöxtunarleiðum. Nokkrum aðgerðum sáttmálans í málaflökknum hefur þegar verið hrint í framkvæmd, svo sem lögfestingu ákvæða um hækkun lágmarksiðgjalds í 15,5% og tilgreindri séreign sem og heimild til handa lífeyrissjóðum að koma að uppbyggingu á íbúðarhúsnæði til útleigu. Þá er vinnu við gerð grænbókar um lífeyriskerfið að ljúka. Tillaga frumvarpsins um að lögfest verði til frambúðar heimild lífeyrissjóða til að eiga allt að 35% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem eingöngu fjárfesta í litlum eða meðalstórum

fyrirtækjum skv. 1. og 2. tölul. 3. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009, er hluti af þeim aðgerðum sem boðaðar voru til vegna stuðnings á umgjörð lífeyrissjóða í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarfið. Núgildi heimild lífeyrissjóða er tímabundin og fellur að óbreyttu niður 1. janúar 2025. Tillagan er til þess fallin að styðja við nýsköpunarumhverfi á Íslandi.

Tilgangur þeirra breytinga sem lagðar eru til á lögum á váttryggingamarkaði í frumvarpinu er að koma á betra samræmi í orð- og hugtakanotkun einstakra laga á sviði váttrygginga og samræma orðnotkun í tilvísunum milli laga á þessu sviði. Með lögum á sviði váttrygginga er hér átt við lög um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004, lög um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, og lög um dreifingu váttrygginga, nr. 62/2019.

Efni og markmið lagabálkanna er mismunandi. Nauðsynlegt er til skýringar á efni einstakra greina frumvarpsins að gera grein fyrir flokkun váttrygginga, fyrst og fremst í lögum nr. 30/2004, sem varð lögbundin frá gildistöku þeirra 1. janúar 2006. Váttryggingar samkvæmt þeim lögum eru annað hvort skaðatryggingar eða persónutryggingar. Hugtökin voru skilgreind í lögnum, þannig að skaðatryggingar voru skilgreindar samkvæmt 2. mgr. 1. gr.: „Með skaðatryggingum er átt við váttryggingu gegn tjóni eða eyðileggingu á hlut, réttindum eða öðrum hagsmunum, váttryggingu gegn skaðabótaábyrgð eða kostnaði og aðra váttryggingu sem ekki er persónutrygging.“. Persónutryggingar voru skilgreindar í 1. másl. 2. mgr. 61. gr. laganna: „Með persónutryggingum er í lögum þessum átt við líftryggingu, slysatryggingu og sjúkratryggingu.“. Lögin höfðu svo að geyma reglur um skaðatryggingar í I. hluta og persónutryggingar í II. hluta. Að mörgu leyti giltu sömu reglur um báðar tegundir en að sumu leyti mismunandi reglur, sem almennt voru þannig að váttryggður naut betri réttarstöðu, stundum mun betri, í persónutryggingum en í skaðatryggingum. Fjöldmörg sérákvæði voru um líftryggingar í persónutryggingahlutanum, enda hafa þær löngum haft sérstöðu í mörgum eignum.

Við breytingar sem gerðar voru á lögum um váttryggingarsamninga með lögum nr. 61/2019 var gerð tilfærsla á ákvæðum laganna einkum um upplýsingagjöf. Færð voru ákvæði um það efni úr I. hluta um skaðatryggingar og úr II. hluta um persónutryggingar og sett ásamt nýjum reglum um það efni og um skyldur váttryggingamiðlara í nýjan I. hluta laganna, sem ber yfirskriftina; „Almenn ákvæði.“ Aðgreiningu laganna eftir þessar breytingar í skaðatryggingar og persónutryggingar var að öðru leyti haldið með sjálfstæðum reglum um hvorn flokk fyrir sig. Í II. hluta eru reglur um skaðatryggingar og í III. hluta reglur um persónutryggingar. Við þessar breytingar minnkaði innra samræmi fyrrnefndu laganna í orð- og hugtakanotkun og nokkurt ósamræmi hefur einnig orðið í vísan ýmissa ákvæða í lögnum til laga um váttryggingastarfsemi. Þá er þörf á að samræma hugtakanotkun í lögum um váttryggingarsamninga, lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um dreifingu váttrygginga að því leyti sem kostur er. Við þá samræmingu þarf þó að gæta þess að flokkun laganna á váttryggingum er reist á mismunandi forsendum. Flokkun laga um váttryggingastarfsemi er önnur en laga um váttryggingarsamninga, enda reist á öðrum forsendum, þ.e. áhættu sem fylgir því að reka váttryggingastarfsemi í ákveðnum greinaflokkum váttrygginga. Flokkun váttrygginga í lögum um váttryggingarsamninga er reist á eðli váttrygginganna, fyrst og fremst þeim hagsmunum sem váttryggðir eru. Flokkun laga um váttryggingastarfsemi endurspeglast í 20. og 21. gr. þeirra laga. Flokkunin er samevrópsk og hana má sjá í I. og II. viðauka við tilskipun 2009/138/EB og er til þessarar flokkunar vísað í I. viðauka tilskipunar 2016/97/ESB um dreifingu váttrygginga. Í þeim lögum eru notuð hugtökin skaðatrygging og/eða persónutrygging og verður það að vera gert með þeim hætti að lögbundin merking þessara hugtaka eins og hún er ákveðin í lögum um váttryggingarsamninga sé virt.

Lögð skal áhersla á að í þeim breytingum sem lagðar eru til í þessu frumvarpi á löggjöf á váttryggingamarkaði felast í raun engar efnisbreytingar á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um dreifingu váttrygginga. Miðað við þá framkvæmd laga um váttryggingarsamninga sem verið hefur, einnig eftir breytingar með lögum nr. 61/2019, verða heldur engar breytingar enda hefur í framkvæmdinni verði horft framhjá því misræmi sem áður er lýst og nú er lagt til að verði lagfært.

Tillögu um gjalddöku á nikótínvörur, einnota rafrettur og áfyllingarvökva er fyrst og fremst ætlað að hafa áhrif á og sporna við nýliðun og sífellt útbreiddari notkun meðal barna og ungs fólks. Nú er svo komið að nikótínþúðarnir eru algengasta neysluform nikótíns hér á landi en aðeins lítill hluti notenda nikótínþúða er fyrrum reykingafólk sem notar nikótínþúða til þess að hætta tóbaksreykingum. Þá innhalda þessar vörur allajafna mikið magn nikótíns, eru afar ávanabindandi og sýnt þykir að þær hafi neikvæð áhrif á þroska og heilsu ungmenna og barna. Með hækkun gjalds á umræddar vörur standa vonir til að draga úr neyslu hjá yngsta aldurshópnum.

Tillögur frumvarpsins um breytingar á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009, byggja að meginsteftu til á ábendingum sem fram koma í niðurstöðu skýrslu OECD sem leit dagsins ljós í ágúst 2023 og ber heitið „Evaluating the effects of the R&D tax credit in Iceland“. Breytingatillögunum er ætlað að auka á skilvirkni regluverks þegar kemur að stuðningi við nýsköpunarfyrirtæki og er samið með hliðsjón af niðurstöðu skýrslu OECD sem gerði úttekt á stuðningi við nýsköpunarfyrirtæki að beiðni fjármála- og efnahagsráðherra og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Tilfni lagasetningar og mat á nauðsyn hennar byggir að stórum hluta á framangreindri skýrslu OECD þar sem m.a. er komist að þeirri niðurstöðu að skattastuðningur vegna rannsókna og/eða þróunar hafi hvetjandi og jákvæð áhrif á fyrirtæki til frekari fjárfestinga á því sviði. Er þá sérstaklega vísað til lítilla og örfyrirtækja. Það er m.a. mat OECD að fyrirtæki virðast hafa góðan skilning á gildandi reglum um málaflökkinn. Hins vegar er á það bent að þörf sé á að skerpa á þeim atriðum regluverksins sem snúa að eftirfarandi þáttum: hæfisskilyrði umsókna um rannsóknar- og/eða þróunarverkefni, reglur um eignarhald á rannsóknar- og þróunarverkefnum, undirverktakastarfsemi í rannsóknum og þróun, þ. á. m. aðkeypt þjónusta sem unnin er erlendis, kostnað vegna hugverkaréttinda og félagasamstæður. Þá er bent á í skýrslunni að nokkuð skorti á flæði gagna milli Rannís og ríkisskattstjóra sem er talið takmarka skilvirkni kerfisins. Jafnframt er á það bent að skerpa ætti á reglum um viðskipti milli tengdra aðila m.a. til að tryggja að hámarkskostnaður sé metinn á grundvelli GBER reglugerðarinnar þannig að móður og dótturfélög falli undir sama þak um hámarkskostnað. Jafnframt var nefnt að huga þyrfti að því að setja skorður á aðkeypta vinnu erlendis frá og hvernig megi koma í veg fyrir misnotkun úrræðisins, t.d. með því að stofna félag hér á landi fyrst og fremst til að fá endurgreiðslur án þess að raunveruleg starfsemi fari fram hér á landi. Þá kemur og fram í skýrslu OECD að tryggja þurfi að fjárhagsleg umgjörð kerfis sem grundvallast á lögunum sé sjálfbær.

3. Meginefni frumvarpsins.

3.1. Starfsemi til almannaheilla og almannaheillaskrá Skattsins.

Lagðar eru til orðalagsbreytingar við lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, þannig að ekki leiki vafi á því að lögaðila, sem hefur með höndum starfsemi sem telst til almannaheilla og skráður er í almannaheillaskrá Skattsins, er einungis heimilt að stunda takmarkaða atvinnustarfsemi til fjáröflunar innan þeirra marka sem tilgreind eru í samþykktum hans og leiða má beint af tilgangi lögaðilans og atvinnustarfsemin hefur aðeins óverulega fjárhagslega þýðingu með

tilliti til heildartekna hans eða er óverulegur hluti heildarstarfsemi. Jafnframt er lögð til reglugerðarheimild svo setja megí frekari skilgreiningar á starfsemi til almannaheilla og þau skilyrði sem uppfylla þarf fyrir skráningu í almannaheillaskrá Skattsins.

3.2. Brottfall heimildar til að jafna ónýttum persónuafslætti á móti greiðslu auðlegðarskatts og breyting á hlutfalli óráðstafaðs persónuafsláttar sem ráðstafað er til greiðslu fjármagnstekjuskatts.

Lagt er til að felld verði brott heimild til að jafna ónýttum persónuafslætti á móti greiðslu auðlegðarskatts á eftir greiðslu tekjuskatts og útsvars í lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003. Heimild þessi er óþörf þar sem hinn tímabundni auðlegðarskattur, sem lögfestur var í lok árs 2009 til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð, rann sitt skeið og var síðast lagður á við álagningu opinberra gjalda á einstaklinga árið 2014.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að hlutfall óráðstafaðs persónuafsláttar sem ráðstafað er til greiðslu fjármagnstekjuskatts breytist úr 22/37 í 22/31.

3.3. Undirritun stjórnvaldsákvæðana Skattsins.

Lagt er til að heimilað verði að úrskurðir og önnur samskipti við einstaklinga og lögaðila verði send beint úr skrifstofu- eða málaskráningarkerfum á bréfsefni stofnunar án þess að starfsmaður sem ákvörðun tók undirriti hana með eigin hendi en þess í stað verði ákvörðun staðfest með árituðu (vérlituðu) nafni viðkomandi starfsmanns eða eftir atvikum mynd af eiginhandarundirritun hans.

3.4. Áreiðanleikakannanir vegna alþjóðlegra skuldbindinga um upplýsingaskipti á sviði skattamála.

Lögð er til breyting til að styrkja gildandi lagagrundvöll um viðurlög lögaðila, sbr. 108. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, í þeim tilvikum þegar upplýsingagjöf fjármálastofnana vegna áreiðanleikakannana í skattamálum til skattyfirvalda er ábótavant, sbr. 92. gr. laganna. Er hér verið að koma til móts við athugasemdir frá jafningjamati Efnahags- og framfararstofnunarinnar (e. OECD Peer Review Process) en Ísland hefur skuldbundið sig til að innleiða lágmarkskröfur um upplýsingaskipti undir BEPS (e. Base Erosion and Profit Shifting) aðgerðaráætluninni sem felur m.a. í sér endurskoðun annarra ríkja á regluverki Íslands (umrætt jafningjamat).

3.5. Gjald fyrir skilnað að borði og sæng og gjald fyrir útgáfu og framleiðslu ökuskírteina.

Lögð er til breyting á 14. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, þess efnis að sama gjald verði greitt fyrir lögskilnaðarleyfi og leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða 6.500 kr. Jafnframt er lagt til að tekið verði sérstakt gjald fyrir ökuskírteini á plasti, flýtiáfgreiðslu þeirra og fyrir ökuskírteini á plasti til handa 65 ára og eldri. Kostnaður vegna útgáfu og prentun ökuskírteina á plasti er því felldur á réttthafa ökuréttinda. Gjald vegna útgáfu stafrænna ökuskírteina helst hins vegar óbreytt.

3.6. Framlenging á bráðabirgðaákvæði búvörulaga um tímabil sem afmarka lægri innflutningstolla á tiltekna tegundir grænmetis.

Gert er ráð fyrir eins árs framlengingu á gildistíma ákvæðis til bráðabirgða EE búvörulaga, nr. 99/1993, þannig að það gildi út árið 2025. Í ákvæðinu er kveðið á um tímabil sem afmarka lægri innflutningstolla á tiltekna tegundir grænmetis.

3.7. Niðurlagning stofnverndarsjóðs íslenska hestakynsins.

Með lögum um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl., nr. 102/2023, var gjaldtökuákvæði laga um útflutning hrossa, nr. 27/2011, felld brott þar sem yfirskattanefnd hafði komist að þeirri niðurstöðu í úrskurði nr. 217/2021 að lagastoð fyrir henni væri ekki nægileg. Í frumvarpi þessu er nú lagt til að stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins verði lagður niður.

3.8. Réttur til dráttarvaxta hafi dómsmál verið höfðað til endurgreiðslu skatta, gjalda eða sekta.

Lagðar eru til breytingar á lögum um innheimtu opinberra skatta og gjalda, nr. 150/2019, til frekari skýrleika. Annars vegar þess efnis að það sé einungis gjaldandi sjálfur sem höfðað hefur dómsmál, sem geti krafist dráttarvaxta frá þeim tíma þegar dómsmál telst höfðað. Hins vegar að bætt verði við lögum ákvæði þess efnis að málshefjandi geti átt rétt til dráttarvaxta vegna greiðslna ólöglegs gjalds sem inntar eru af hendi eftir málshefðun.

3.9. Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

Lagt er til að lögfest verði til frambúðar heimild lífeyrissjóða til að eiga allt að 35% í stað 20% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem eingöngu fjárfesta í litlum eða meðalstórum fyrirtækjum skv. 1. og 2. tölul. 3. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009, eða einstakri deild þeirra, þó aldrei umfram 1% heildareigna sinna í hverjum sjóði. Núgildandi heimild fellur að óbreyttu niður 1. janúar 2025 en hún á rætur að rekja til aðgerða til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru. Markmið hennar var m.a. að auðvelda stofnun nýsköpunarsjóða með því að aðeins þrjú lífeyrissjóðir þyrftu að hafa aðkomu að slíkum sjóði í stað fimm.

Sú tillaga sem lögð er til í frumvarpinu er að meginefni í samræmi við núgildandi tímabundna heimild þó að því leyti að lagt er til að skilyrðið um fimm ára innlausnartíma fjárfestingar verði felld brott. Það að skilyrðið að innlausn í þeim sjóðum sem falla undir heimildina megi fyrst fara fram að fimm árum liðnum eftir að þeir hófu fjárfestingu kann að hafa áhrif á á skilvirka eignastýringu lífeyrissjóða og reiknaða ávöxtun sjóðs þar sem honum væri að óbreyttu ekki heimilt að skila fjármunum til lífeyrissjóða fyrr en að þeim tíma liðnum.

3.10. Skattskyld sala á þjónusta leiðsögumanna til erlendra fyrirtækja til notkunar hér á landi.

Lagðar eru til breytingar á j-lið 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, þannig að ákvæðið nái einnig til sölu á þjónustu leiðsögumanna til atvinnufyrirtækja, sem hvorki hafa heimilisfesti hér á landi né stunda hér atvinnustarfsemi frá fastri starfsstöð, enda sé þjónustan nýtt hér á landi. Með lögum um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, lögum um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða og lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 63/2024, var gerð breyting á lögum um virðisaukaskatt að því er varðar sölu skattskyldra aðila á þjónustu til atvinnufyrirtækja, sem hvorki hafa heimilisfesti hér á landi né stunda hér atvinnustarfsemi frá fastri starfsstöð (svokölluð B2B-viðskipti eða „Business to Business“ á ensku). Er þar byggt á sams konar fyrirkomulagi og mælt er fyrir um í leiðbeiningum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um virðisaukaskatt frá árinu 2015 og tilskipun Evrópusambandsins um sameiginlegt virðisaukaskattskerfi, nr. 2006/112/EB, þar sem kveðið er á um að sala á þjónustu skuli að jafnaði skattlögð í heimaríki kaupanda. Hins vegar ef um er að ræða þjónustu sem er þess eðlis að hún er að jafnaði bundin við tiltekinn stað sem er venjulega sá staður þar sem seljandi er staðsettur eða hún verði hvorki veitt né hennar notið nema bæði seljandi og kaupandi séu viðstaddir er heimilt að skattleggja

þjónustuna í heimaríki seljanda. Þess háttar þjónustu er gerð skil í a-j liðum 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt. Með hliðsjón af eðli þeirrar þjónustu sem þar er talin upp þykir rétt að bæta þar við þjónustu leiðsögumanna, nánar tiltekið í j-lið 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna. Það þýðir að leiðsögumanni ber að innheimta virðisaukaskatt þegar hann selur erlendu atvinnufyrirtæki leiðsögn sem nýtt er hér á landi. Á móti kann hið erlenda atvinnufyrirtæki að eiga rétt á að fá endurgreiddan þann virðisaukaskatt sem það hefur greitt vegna kaupa á þjónustu leiðsögumanna hér á landi til atvinnustarfsemi sinnar erlendis enda séu uppfyllt skilyrði reglugerðar um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja, nr. 1243/2019. Þá er lagt til að tilvísun til vara í j-lið 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna falli brott þar sem töluliðurinn í heild sinni fjallar eingöngu um sölu á þjónustu. Sala á vörum hér á landi er ætíð skattskyld hér á landi.

3.11. Aðilum fjölgað sem skulu nota almanaksmánuð sem uppgjörstímabil virðisaukaskatts.

Lagðar eru til breytingar á 3. mgr. 24. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Samkvæmt gildandi ákvæði er einstaklingum, við nýskráningu og endurskráningu á grunnskrá virðisaukaskatts, gert skylt að nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil í að minnsta kosti tvö ár frá skráningu, ef þeir hafa orðið gjaldþrota á næstliðnum fimm árum fyrir skráningu. Sama gildir um félag ef eigandi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri þess hefur orðið gjaldþrota á næstliðnum fimm árum frá skráningu. Með breytingunni nú mun ákvæðið einnig ná til einstaklinga sem óska eftir skráningu á grunnskrá virðisaukaskattsskrá og hafa verið eigendur, stjórnarmenn eða framkvæmdastjórnar í gjaldþrota félögum einhvern tímann á síðustu tólf mánuðum fyrir gjaldþrot þeirra. Ákvæðið mun einnig ná til félaga sem óska eftir skráningu á grunnskrá virðisaukaskattsskrá og eigendur, stjórnarmenn eða framkvæmdastjórnar þess hafa verið eigendur, stjórnarmenn eða framkvæmdastjórnar í gjaldþrota félögum einhvern tímann á síðustu tólf mánuðum fyrir gjaldþrot þeirra. Í báðum framangreindum tilvikum er miðað við að umrædd félög hafi orðið gjaldþrota á næstliðnum fimm árum fyrir skráningu á grunnskrá virðisaukaskattsskrá. Breytingin er liður í því að styrkja áhættumiðað eftirlit ríkisskattstjóra með þeim sem eru skráðir á grunnskrá virðisaukaskatts. Nauðsynlegt er að hafa aukið eftirlit með þeim sem hafa komið að stjórnun félaga sem hafa orðið gjaldþrota. Mörg dæmi eru um að einn og sami einstaklingurinn hafi komið að stjórnun margra félaga sem öll hafa orðið gjaldþrota og skilið eftir sig skuldir m.a. í formi skatta og gjalda. Í sumum tilvikum virðist vera um svokallað „kennitölulflakk“ að ræða en það er þegar eigendur atvinnurekstrar misnota félagiform með takmarkaða ábyrgð og stofna nýtt félag í sama atvinnurekstri til að losa undirliggjandi rekstur undan fjárhagslegum skuldbindingum en viðhalda samt eignum. Fyrra félagið fer þá í gjaldþrot. Í aðdraganda gjaldþrots er jafnvel skipt um eigendur og stjórnendur í félaginu. Hinir nýju eigendur og stjórnendur, sem jafnan eru nefndir „útfararstjórn“, fylgja félaginu í gjaldþrot. Þannig geta hinir raunverulegu stjórnendur komið í veg fyrir að nöfn þeirra séu tengd hinu gjaldþrota félagi. Með því að miða við síðustu 12 mánuði fyrir gjaldþrot, eins og gert er í breytingartillögunni, er ætlunin að ná til raunverulegra stjórnenda félaga. Breytingunni nú er ætlað að bæta skil og eftirlit með greiðslu virðisaukaskatts. Hún er liður í því að draga sem fyrst fram í dagsljósið þá aðila sem ekki gera fullnægjandi skil á virðisaukaskatti og að ríkisskattstjóri geti brugðist við án tafar við slíkra háttsemi með því að úrskurða þá af virðisaukaskattsskrá.

3.12. *Aðgangur tollyfirvalda að efni úr myndavélakerfum þeirra sem viðhafa slíka vöktun á svæðum þar sem tollefirlit fer fram.*

Lagt er til að kveðið verði sérstaklega á um í tollalögum, nr. 88/2005, að tollyfirvöld skuli hafa aðgang að rafrænni vöktun og upptökum úr myndavélakerfum þeirra sem viðhafa vöktun á svæðum þar sem lögbundið tollefirlit skuli viðhaft. Einnig að tollyfirvöldum verði heimilt að taka upp eða taka afrit af því efni sem þau fá aðgang að. Skulu aðilar veita tollyfirvöldum aðgang að rafrænni vöktun endurgjaldslaust og á því formi og með þeim hætti sem tollyfirvöld mæla fyrir um. Lögbundið hlutverk tollyfirvalda er m.a. að annast tollframkvæmd á landinu öllu og hafa eftirlit með innflutningi, umflutningi og útflutningi á vörum til og frá landinu ásamt því að hafa eftirlit með ferðum og flutningi fara og fólks til og frá landinu, sbr. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 40. gr. tollalaga. Tollefirlit fer því að mestu leyti fram á landamærum, þ.m.t. á svæði tollhafna þar sem jafnframt er að finna geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur. Tollefirlit fer einnig fram í öðrum höfnum en tollhöfnum en þar eru tollyfirvöld ekki með fastar starfsstöðvar og viðvarandi viðveru. Á mörgum tollhöfnum og öðrum hafnarsvæðum er viðhaft myndavélaeftirlit þar sem myndavélabúnaður er í eigu hafnaryfirvalda, rekstraraðila tollvörugeymsla og flugvallar. Það hefur mikla þýðingu fyrir tollefirlit að tollyfirvöld hafi aðgang að efni úr slíkum myndavélakerfum. Mörg dæmi eru hins vegar um að sveitarfélög og einkaaðilar neiti að veita tollyfirvöldum aðgang að rafrænni vöktun á umræddum svæðum. Af þeim sökum er talið nauðsynlegt að kveða sérstaklega á um það í tollalögum að eigendum myndavélabúnaðar á fyrrnefndum svæðum sé skylt að veita tollyfirvöldum rauntíma aðgang að myndavélakerfi sínu auk þess að veita þeim aðgang að eða afrit af þeim upptökum sem til eru í vörslu eigenda myndavélakerfanna á hverjum tíma. Einnig er lagt til að kveðið verði á um í tollalögum að veiti aðilar sem viðhafa rafræna vöktun á fyrrnefndum svæðum ekki tollyfirvöldum aðgang að umræddum upplýsingum geti það varðað stjórnvaldssektum. Enn fremur er lagt til að áréttað verði í tollalögum að tollyfirvöldum sé jafnframt heimilt að viðhafa sjálf rafræna vöktun og taka upp efni úr henni eftir því sem þau telja sig þurfa.

3.13. *Greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum við uppgjör þeirra í tilvikum bráðabirgðatollafgreiðslu og tollgreiðslu á grundvelli neyðarleyfa.*

Samkvæmt 121. gr. tollalaga, nr. 88/2005, njóta þeir sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá greiðslufrests (tollkrítar) á aðflutningsgjöldum enda séu þeir í skilum við ríkissjóð. Greiðslufrestur gildir ekki þegar um er að ræða bráðabirgðatollafgreiðslu, sbr. 36. gr. tollalaga eða tollafgreiðslu á grundvelli neyðarleyfis, sbr. 37. gr. sömu laga. Lagt er til að því verði breytt þannig að heimilt verði að veita greiðslufrest við uppgjör á aðflutningsgjöldum vegna bráðabirgðatollafgreiðslu eða tollafgreiðslu á grundvelli neyðarleyfa. Bráðabirgðatollafgreiðsla er t.d. framkvæmd þegar ekki liggja fyrir öll gögn sem skulu liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu eða þau eru ófullnægjandi. Tollyfirvöld geta þá veitt innflytjanda frest til að skila inn fullnægjandi gögnum og er gjalddagi aðflutningsgjalda ákveðinn við sama tímamark, venjulega innan 20 daga frá bráðabirgðatollafgreiðslu. Innflytjandi fær þá vörurnar afhentar gegn því að leggja fram fjártryggingu fyrir áætluðum aðflutningsgjöldum. Á gjalddaga er hefðbundin tollafgreiðsla framkvæmd og þarf innflytjandi að staðgreiða aðflutningsgjöldin við það tímamark. Þó að innflytjandi sé á virðisaukaskattsskrá og nýtur greiðslufrests á aðflutningsgjöldum er ekki heimilt að fella þessi gjöld undir greiðslufrestinn (tollkrítina). Þegar um neyðarleyfi er að ræða er heimilt að afhenda vörur ótollafgreiddar. Framflytjandi eða sá sem geymir ótollafgreiddar vörur ber þá ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda. Sem dæmi þá eru neyðarleyfi veitt þegar um er að ræða viðkvæmar vörur sem berast til landsins utan hefðbundins opnunartíma tollyfirvalda en þola ekki biðina

eftir tollafgreiðslu. Þetta að á t.d. við um ýmis lyf. Við uppgjör á aðflutningsgjöldum, sem venjulega á sér stað síðar sama dag og varan er afhent, ber innflytjanda að staðgreiða aðflutningsgjöldin. Ekki er heimilt að fella gjöldin undir greiðslufrestinn hans.

3.14. Leit í innrituðum farangri farþega og áhafnar.

Í frumvarpi þessu er lagt til að tollyfirvöldum verði veitt heimild til að leita í innrituðum farangri farþega og áhafnar að viðkomandi fjarstöddum. Er þá lögð sú skylda á tollyfirvöld að tilkynna viðkomandi að leit hafi farið fram. Samkvæmt núverandi lagaumhverfi er skoðun tollgæslunnar á farangri farþega og áhafnar í öllum tilvikum bundin við að hlutaðeigandi sé gefinn kostur á að vera viðstaddur leitina, sbr. 2. mgr. 156. gr. tollalaga, nr. 88/2005. Slíkt getur verið vandkvæðum bundið með tilliti til skipulags flughafna þegar um innritaðan farangur er að ræða og tíminn til að framkvæma leit ansi knappur. Þörfin fyrir heimild til leitar af þessu tagi er sérstaklega mikil þegar kemur að eftirliti með flutningi á reiðufé til og frá landinu þar sem að í einhverjum tilvikum kann reiðufé að vera afrakstur refsiverðrar brotastarfsemi. Samkvæmt 27. gr. a tollalaga, nr. 88/2005, er aðila skylt að gera tollyfirvöldum sérstaklega grein fyrir fjármunum, í reiðufé eða handhafabréfum, þ.m.t. ferðatékkum, sem fluttir eru til landsins frá útlöndum eða frá landinu til útlanda að fjárhæð sem nemur 10.000 evrum eða meira, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Tilgangurinn með þessari upplýsingaöflun er að koma í veg fyrir peningaþvætti og er liður í aðgerðum stjórnvalda gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og baráttu gegn hryðjuverkum og annarri ógn sem stæðjar að þvert á landamæri. Tollgæslunni er heimilt að leggja hald á fjármuni ef grunur leikur á að þeir verði notaðir við brot gegn refsíákvæðum almennra hegningarlaga, sbr. 162. gr. tollalaga. Eru slík mál afhent lögreglunni til meðferðar. Það er hins vegar fátútt að aðilar geri tollyfirvöldum viðvart um að þeir hafi meðferðis reiðufé, yfir tilkynningarskyldum mörkum, við komuna til landsins eða við brottför. Tilgangurinn með ákvæðinu er því að styrkja eftirlit og varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Samkvæmt gildandi áhættumati ríkislögreglustjóra um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka frá desember 2023 er áhættan af flutningi reiðufjár til og frá Íslandi metin mikil eða í hæsta áhættuflokki þar sem tollgæslu skortir viðunandi lagaheimild til að framkvæma leit í innrituðum farangri. Með ákvæðinu er brugðist við framangreindum ábendingum í áhættumati ríkislögreglustjóra. Einnig er verið að bregðast við ábendingum í kjölfar úttektar alþjóðlegs vinnuhóps um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (Financial Action Task Force (FATF)) frá árinu 2018 varðandi skort á eftirliti með flutningi reiðufjár til og frá landinu. Fyrir liggur að næsta úttekt FATF hér landi muni fara fram á árinu 2026 og því aðkallandi að lögfesta fyrrnefnt ákvæði um leit í farangri áður en hún fer fram.

3.15. Notkun lágskammta röntgenskanna við nákvæma leit á manni.

Lagt er til að lögfest verði heimild fyrir tollgæsluna að framkvæma nákvæma leit á aðila með lágskammta röntgenskanna að fengnu samþykki hlutaðeigandi. Samkvæmt núgildandi 159. gr. tollalaga, nr. 88/2005 hefur tollgæslan heimildir til leitar á mönnum og hefur í framkvæmd verið gerður greinarmunur á leit og nákvæmari leit. Við nákvæma leit er farþegi látinn afklæðast á meðan almenn leit á sér stað utan klæða. Þegar upp vaknar grunur um innvortis smygl á fíkniefnum hjá farþega fer í gang ferli sem getur reynst bæði tíma- og mannaflafrækt fyrir farþegann og tollgæsluna ásamt því sem inngripið getur reynst farþegum þungbært. Í þeim tilfellunum er lögregla kölluð til og farþegi handtekinn og færður í fangaklefa. Hann er síðan sendur í tölvusneiðmyndatöku á heilbrigðisstofnun og honum haldið

áfram þar til búið er að lesa úr myndunum. Það sem af er ári 2024 hafa 1.618.106 farþegar komið til landsins í gegnum Keflavíkurflugvöll og af þeim hafa 1.625 verið valdir til frekari skoðunar út frá áhættumiðari greiningu tollgæslunnar. Af þeim voru 1.155 skoðaðir og á 172 einstaklingum var framkvæmd nákvæm skoðun. Af þeim 172 farþegum voru 55 sendir í tölvusneiðmyndatöku og 22 af þeim reyndust vera með fíkniefni/fíknilyf innvortis.

Með innleiðingu á lágskammta röntgenskanna væri þeim farþegum sem ella þyrftu að gangast undir nákvæma leit gefinn kostur á, gegn upplýstu samþykki, að fara í skönnun og þar með leysa sig undan tollefirtlitsskoðun á tiltölulega skömmum tíma. Gert er ráð fyrir að leitin í heild sinni taki á bilinu 10 til 20 mínútur og þarf farþegi ekki að afklæðast við skönnunina. Tollgæslan ráðgerir að notast við svokallað „single view“ skanna þar sem aðeins búkur er myndaður en með því er dregið töluvert úr mögulegri geislun eða niður í sem samsvarar 0.25 micro Sivert. Til samanburðar þá er talið að farþegar séu útsettir fyrir rétt um 60 micro Sivert í flugi frá London til Los Angeles. Röntgenskanninn varpar mynd á skjá og á grundvelli þess sem myndin sýnir tekur tollgæslan ákvörðun um framhaldið. Annað hvort er farþegi leystur undan frekari afskiptum eða lögregla er kölluð til. Myndir frá röntgenskanna verða ekki vistaðar. Ávinningur af slíkum röntgenskanna er margþættur. Í fyrsta lagi mun röntgenskanni bæta og straumflínulaga tollaefirlit til frambúðar. Í öðru lagi er boðið upp á möguleika sem lágmarkar óþægindi farþega sem sæta eftirliti og í mörgum tilfellum tryggt að ekki þurfi að ganga lengra með aðkomu lögreglu og heilbrigðisyfirvalda. Í þriðja lagi felst í þessu aukið öryggi og aukin afkastageta hjá tollgæslu, þar sem mál fá skjótari afgreiðslu og traustari stöðum er skotið undir ákvarðanir tollgæslunnar um að leysa farþega undan frekara eftirliti. Leiða má að því líkur að sá tímasparnaður sem verður við eftirlit, verði breytingartillagan að lögum, dragi einnig verulega úr heilsufarsáhættu þeirra sem sannanlega bera fíkniefni innvortis. Þannig verður hægt að koma þeim fyrr en ella undir læknishendur verði tollgæslan vör við innvortis smygl í kjölfar skönnunar.

3.16. Breytingar á lögum um gistináttaskatt – innleiðing á innviðagjaldi o.fl.

Lagðar eru til breytingar á lögum um gistináttaskatt, nr. 87/2011. Lagt er til að skemmtiferðaskip í millilandasiglingum greiði innviðagjald í stað gistináttaskatts líkt og verið hefur frá 1. janúar 2024, sbr. lög um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. Breytingartillagan tekur mið af ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til ársins 2030 sem kom fram í þingsályktun menningar- og viðskiptaráðherra og var samþykkt á Alþingi 21. júní 2024 (1036. mál). Í þingsályktuninni kemur fram að innleiða skuli löggjöf um sérstaka gjaldtöku, innviðagjald, sem lagt verði á komur erlendra skemmtiferðaskipa. Þar segir enn fremur að komum ferðamanna með skemmtiferðaskipum til landsins hafi fjölgað umtalsvert á undanförunum árum og að innlend ferðaþjónustufyrirtæki hafi búið við skerta samkeppnisstöðu gagnvart erlendum skemmtiferðaskipum. Erlend skemmtiferðaskip greiði takmarkaða skatta til íslenska ríkisins, helst þjónustugjöld á borð við hafnargjöld til viðkomandi hafna, þ.m.t. eftir atvikum farþegagjald, og vitagjald til ríkissjóðs. Í þingsályktuninni kemur fram að heilt yfir felist í þessu ákveðið samkeppnisforskot skemmtiferðaskipa á innlenda ferðaþjónustu og mismunun sem erfitt sé að réttlæta þar sem farþegar skipanna njóta með líkum hætti íslenskrar náttúru og innviða og aðrir ferðamenn sem eru hér á landi. Innviðagjaldið verður innheimt fyrir hvern byrjaðan sólarhring fyrir hvern farþega. Með gjaldtökunni sé ætlunin að jafna samkeppnisstöðu innlendra og erlendra fyrirtækja í ferðaþjónustu. Fyrirkomulag við uppgjör á innviðagjaldi skemmtiferðaskipa í millilandasiglingum verður með sama hætti og verið hefur með gistináttaskatt hjá þeim að því undanskildu að gjalddagi innviðagjalds verður sjö dögum eftir að skip yfirgefur tollsvæði ríkisins. Gjalddaginn er færður fram til að gefa

rekstraraðilum skemmtiferðaskipa aukið svigrúm til að ljúka skýrsluskilum og uppgjöri á innviðagjaldi. Skemmtiferðaskip í innanlandssiglingum greiða áfram gistináttaskatt en lagt er til að skipin greiði skattinn fyrir hvern byrjaða sólarhring fyrir hvern farþega í skipi í stað fyrir hverja selda gistináttaeiningu líkt og nú er. Með þessu er komið til móts við sjónarmið rekstraraðila skemmtiferðaskipa um að slíkt fyrirkomulag sé einfaldara þar sem sala þeirra á ferðum miðast við hvern farþega en ekki hvern klefa eða káetu. Þá er enn fremur lagt til að skemmtiferðaskip í innanlandssiglingum geri upp gistináttaskatt með sama hætti og þeir sem selja gistináttaeiningar. Í þriðja lagi er lögð til hækkun á fjárhæð gistináttaskatts hjá öllum þeim sem eiga að greiða gistináttaskatt. Enn fremur er lagt til að gistináttaskattur myndi ekki lengur gjaldstofn til virðisaukaskatts. Það þýðir að gistináttaskattur telst ekki til skattverðs skv. 1. tölul. 2. mgr. 7. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Sú breytingartillaga kemur ekki í veg fyrir að skattskyldir aðilar innheimti gistináttaskattinn eftir sem áður hjá viðskiptavinum sínum og ætti að auðvelda þeim að miða innheimtuna við annað tímamark en það þegar sölureikningur fyrir gistingu er gefinn út.

3.17. Breytingar á löggjöf á váttryggingamarkaði.

Lagðar eru til breytingar á lögum um váttryggingasamninga, nr. 30/2004, lögum um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, og lögum um dreifingu váttrygginga, nr. 62/2019, til að bæta samræmi í orð- og hugtakanotkun laganna.

3.18. Gjaldtaka á nikótínvörur, einnota rafrettur og áfyllingarvökva í rafrettur

Lagðar eru til breytingar á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, þess efnis að nýjum kafla verði bætt við lögum um gjald á nikótínvörur, einnota rafrettur og áfyllingarvökva í rafrettur. Almenn er vökvi í rafrettur og nikótínþúðar tóbakslausir og falla því utan gjaldtöku laga um gjald af áfengi og tóbaki. Með lögum nr. 56/2022 er vörðuðu breytingar á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018, voru nikótínþúðar felldir undir gildissvið þeirra laga og gilda nú að mestu leyti sömu reglur um slíkar vörur og gilda um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Þá liggur fyrir að notkun á nikótínþúðum hefur aukist hröðum skrefum hér á landi undanfarin ár og mældist dagleg notkun ungra karlmanna í aldurshópnum 18-34 ára 32% á árinu 2023 en áður var hún nær 20% árið 2020. Á Íslandi hefur notkun á rafrettum einnig verið algengust á meðal ungs fólks þó dagleg notkun hér á landi hafi verið stöðug undanfarin ár, eða um 7% í aldurshópnum 18-34 ára. Um nokkurt skeið hefur verið kallað eftir að stjórnvöld bregðist við þessari útbreiddu notkun meðal ungs fólks á nikótínvöru sem, þrátt fyrir reglur um aldurstakmörk, sýnileikabann, bann við notkun og sölu á tilteknum stöðum, eykst frá ári til árs. Hafa þessi úrræði þótt duga skammt og að þörf sé á að grípa til frekari aðgerða til að sporna við frekari nýliðun meðal barna og ungmenna.

Mikil þróun hefur átt sér stað í gjaldtöku vegna nikótínvara og rafretta síðustu ár í nágrannaríkjum okkar og hafa ríkin farið töluvert ólíkar leiðir í sinni gjaldtöku. Í Finnlandi hafa gjöld verið lögð á vökva í rafrettur frá árinu 2017 og nú nýlega, eða í ársbyrjun 2024 var gjaldtaka jafnframt látin ná yfir nikótínþúða sem finnsk stjórnvöld áætla að muni skila 50 milljón evrum í viðbótartekjur. Í Finnlandi er gjaldtaka á nikótínþúða tvíþætt, annars vegar er hún virðistengd, þ.e. 10% af smásöluverði og síðan er lagt 0,1 evru gjald á hvert gramm vörunnar. Lágmarks gjald er 0,14 evrur eða sem samsvarar að lágmarki 20 kr. á hvert gramm. Þá leggja þeir 0,3 evrur á hvern millilítra af rafrettuvökva eða sem svarar til rétt um 45 kr. Í Noregi hefur sú leið verið farin að leggja rétt um 5 norskar krónur á hvern millilítra af nikótínvökva í rafrettur sem eru rétt um 60 kr. en tóbakslausir nikótínþúðar eru alfarið bannaðir og er banninu fyrst og fremst ætlað að vernda börn og ungmenni gegn nýjum vörum

sem valda nikótínfíkn. Í Danmörku skipta þeir gjaldtöku á vökva í rafrettur í tvennt á grundvelli styrkleika. Þannig ber vökvi sem er sterkari en 12 mg/g af nikótíni 2,5 danskar krónur á hvern millilítra á meðan vökvi sem er vægari ber 1,5 danska krónur. Í íslenskum krónum eru þetta rétt tæpar 50 kr. á sterkari vökvann og 30 kr. á þann vægari. Þá munu aðrar nikótínvörur bera 10 aura á hvert milligramm af nikótíni frá og með árinu 2025 en nýlega tvöfölduðu Danir gjaldtöku á nikótínvörur. Áður var hún 5,5 aurar á hvert milligramm af nikótíni. Svarar þetta til 2 kr. gjaldtöku á hvert milligramm af nikótíni. Til nánari skýringa myndi dós af nikótínþúðum, skv. framangreindu, í hæsta styrkleika, þ.e. 20mg/g sem vegur 15 gr. bera gjald að fjárhæð 600 kr. í Danmörku. Svíþjóð virðist síðan ganga nokkuð skemur en hin Norðurlöndin og leggja þeir á bilinu 2 til 4 sænskar krónur á hvern millilítra af vökva í rafrettur, eða frá 26 kr. til 52 kr. og aðeins 20 aura á hvert gramm af nikótínvöru eða rétt um 2 kr.

Til að setja áætlaða gjaldtöku hér á landi í nokkurt samhengi þá myndi 30 kr. hækkun á hvert gramm af nikótínvöru hækka staðlaða dós af nikótínþúðum, sem vegur um 15 grömm um 450 kr. Til samanburðar er tóbaksgjald á einn pakka af vindlingum (20 stk.) að fjárhæð 604 kr. Þá myndi 60 kr. hækkun á vökva í rafrettu hækka einnota rafrettu, með 4 millilítra af vökva, um 240 kr. gjald og 100 ml. áfyllingavökvi hvort sem er með eða án nikótíns myndi bera gjald að fjárhæð 6.000 kr.

Gjaldið mun ekki ná til rafretta sem flokkast sem lækningatæki samkvæmt lögum um lækningatæki né til áfyllinga fyrir rafrettur sem flokkast sem lyf samkvæmt lyfjalögum. Þá mun gjaldið ekki ná til nikótínvara sem markaðssettar eru sem lyf og flokkast sem lyf samkvæmt lyfjalögum.

3.19. Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki.

Gildissvið.

Í skýrslu OECD laut ein ábending m.a. að því að skýra þyrfti á ákvæði um eignarhald á rannsóknar- og þróunarverkefnum. Í 2. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki er gildissvið laganna afmarkað við fyrirtæki sem eru eigendur að staðfestum rannsóknar- og eða þróunarverkefnum. Þá er vísað til eignarhalds á verkefni mörgum öðrum stöðum í lögnum, s.s. í 1. mgr. 10. gr. laganna um það hverjir eigi rétt á skattafrádrætti. Lagt er til að bætt verði inn orðalagi um að eigandi rannsóknar- og þróunarverkefni skuli bera fjárhagslega áhættu af verkefninu. Hér er aðeins um að ræða skýrara orðalag enda er eigandi verkefnis, og þar með eigandi afurðar verkefnis, að sá aðili sem tekur fjárhagslega áhættu af verkefninu.

Orðskýringar.

Í frumvarpinu er lagt til að skerpa hugtakið „Rannsóknar- og þróunarkostnaður“, þar sem tilgreint er hvers konar kostnaður geti talist beinn kostnaður við verkefni sem hlotið hefur staðfestingu skv. 5. gr. laganna. Ástæða þykir að tilgreina sérstaklega að fjármagnskostnaður, húsnæðiskostnaður og kostnaður af sölu- og markaðsstarfsemi falli hér fyrir utan, enda almennt litið svo á að hann tengist ekki beint rannsóknar- og/eða þróunarkostnaði. Með breytingunni er verið að skýra betur hvað falli undir rannsóknar- og þróunarkostnað.

Ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki gerir kröfu um að hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun sé vel skilgreind sem og samkvæmt ábendingu úr skýrslu OECD þykir rétt að skerpa á ákvæði 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. að því er tekur til skýringar á rannsóknnum og þróun í samræmi við það sem fram kemur hér að framan um gildissvið 2. gr. laganna.

Það sama á við varðandi orðskýringu á „viðskiptaáætlun“ samkvæmt 9. tölul. 1. mgr. 3. gr. þar sem gerð er skýrari krafa um hvernig greinargerð um viðskiptahugmynd skuli úr garði

gerð enda er gerð krafa um að hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun sé vel skilgreind.

Staðfesting verkefna.

Í ljósi kröfu OECD um aukin skýrleika laganna er skerpt á skilgreiningu 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna á því hvað telst nægjanleg og viðeigandi þjálfun, menntun eða reynsla á viðkomandi sviði.

Rannsóknar- og/eða þróunarverkefni eru í eðli sínu tímabundin verkefni sem aðskilja ber frá reglubundinni starfsemi. Þegar af þeirri ástæðu þykir rétt að setja takmörk á fjölda umsókna vegna sama verkefnis, en enga slíka takmörkun er að finna í núgildandi lögum. Í því ljósi er lagt til að ekki sé heimilt að sækja um framlengingu fyrir sama verkefni nema í tvígang. Hins vegar ef sama verkefni hefur fengið framlengingu í tvígang getur umsækjandi sótt um staðfestingu á nýju verkefni sem byggir á fyrra verkefni sem enn gæti talist rannsóknar- og/eða þróunarverkefni, að því gefnu að áfangamarkmiðum hafi verið náð og nýtt verkefni byggji á þeim árangri.

Ekki er að finna í lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki ákvæði um afturköllun á fenginni staðfestingu fyrirtækja og er lagt til að slík heimild verði lögfest og að Rannís fái heimild til að afla upplýsinga frá fyrirtækjum í því skyni að meta hvort forsendur fyrir staðfestu verkefni hafi verið réttar og/eða hvort þeim forsendum sem settar voru fram í umsókn sé fylgt í framkvæmd. Mikilvægt er að heimild sem þessi sé til staðar þannig hægt sé að tryggja að þau verkefni sem njóta skattafsláttarins séu sannanlega þau sem eiga rétt á því.

Framkvæmd.

Ákvæði til bráðabirgða I. og II. renna sitt skeið á enda næstkomandi áramót. Af þeim ástæðum er lagt til að framkvæmdarákvæði 10. gr. komi að fullu til framkvæmda rekstrarárið 2025. Af þeim sökum er gerð grein fyrir þeim hundradshlutum útlögðum kostnaði vegna nýsköpunar og/eða þróunarverkefna samkvæmt lögum þessum. Ástæða þykir til að halda aðskildum frádráttarrétti þegar um lítil og meðalstór fyrirtæki er ræða annars vegar og stór fyrirtæki hins vegar enda er meiri þörf á stuðningi hjá minni fyrirtækjum en þeim stærri. Er sú aðgreining í samræmi við þær ábendingar sem fram koma í skýrslu OECD.

Þá er lagt til að bætt verði við orðinu „styrkhæfum“ á eftir úthlutun til að árétta að eingöngu sá kostnaður sem telst styrkhæfur kemur til greina til útreiknings á skattafrádrætti enda er jafnframt um að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað í skilningi 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Þá er lagt til að við mat á hámarki styrkhæfs kostnaðar þá sé ekki eingöngu horft einangrað á hvern og einn lögaðila heldur sé tekið tillit til þess fleiri tengdir lögaðilar séu að nýta sér ívilnun laganna. Með þessu er verið að sporna gegn því að farið sé í kringum hámarkið með stofnun lögaðila í kringum hvert og eitt verkefni. Skilgreining á tengdum aðilum miðast við þá skilgreiningu sem fram kemur í 7. gr. reglugerð nr. 758/2011, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

Í skýrslu OECD er m.a. á það bent að íslensk stjórnvöld mættu betur tryggja að stuðningur samkvæmt lögnum nýtist til að efla sem best rannsóknar- og þróunarstarf hér á landi og huga að því að setja skorður á aðkeypta vinnu erlendis frá. Því er lagt til í frumvarpinu að frádráttur samkvæmt lögnum vegna aðkeyptar þjónustu, sé aðeins heimill þegar þjónusta vegna rannsókna og þróunarverkefnis er keypt af fyrirtækjum innan EES eða landa sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning eða upplýsingaskiptasamning við.

Upplýsingaskipti.

Ein af ábendingum OECD í nýlegri úttekt var sú að auka þyrfti samstarf milli Rannís og Skattsins, skýra verkaskiptingu og valdheimildir stofnananna sem og að auka á flæði gagna

milli stofnananna ásamt auknu eftirliti Skattsins. Eru því lagðar til viðtækar heimildir fyrir ríkisskattstjóra til að miðla upplýsingum.

Álag.

Lagt er til að ríkisskattstjóra verði gert heimilt að beita álagi á lækkun skattafrádráttar vegna óstyrkhæfs kostnaðar eða rangrar upplýsingagjafar sem skattaðila verður ekki kennt um.

Refsingar

Lagt er til að sett verði inn refsíákvæði til að koma í veg fyrir að lögin verði misnotuð líkt og gildir samkvæmt lögum um tekjuskatt en með því er verið að tryggja að sömu viðurlög séu til staðar ef brotið er gegn lögnum. Þá er lagt til að alvarlegri brot sem snúa að því að byggja skattafrádrátt, sem kemur til útgreiðslu, á tilhæfulausum eða fölsuðum gögnum fari samkvæmt almennum hegningarlögum.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Í ljósi ákvæða 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar var þess sérstaklega gætt við undirbúning frumvarpsins að orðalag breytinganna væri skýrt og að öðru leyti í samræmi við kröfur sem leiða má af stjórnarskrárákvæðunum. Í 40. gr. stjórnarskrárinnar segir að engan skatt megi á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Þá segir í 1. mgr. 77. gr. að skattamálum skuli skipað með lögum, ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Í frumvarpinu eru gerðar breytingar sem að meginstefnu til byggjast á ábendingum sem fram koma í skýrslu OECD. Breytingarnar fela ekki í sér breytingar sem eru í andstöðu við það ríkisstyrkjakerfi sem felst í lögnum né þeim skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Að öðru leyti gefur efni frumvarpsins ekki tilefni til að ætla að það stangist á við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Frumvarpið snertir fyrst og fremst skattskylda aðila, bæði einstaklinga og lögaðila en einnig stjórnsýslu skattamála auk hagsmunaaðila á sviði lífeyris og váttrygginga. Við gerð þess var haft samráð við dómsmálaráðuneytið, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, matvælaráðuneytið, menningar- og viðskiptaráðuneytið, Rannís, Seðlabanka Íslands og Skattinn vegna einstakra ákvæða þess.

Áform um frumvarpið voru kynnt almenningi í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is 25. september–4. október 2024 (mál nr. S-192/2024). Sex umsagnir bárust, frá AECO, Félagi atvinnurekenda, Landssamtökum lífeyrissjóða, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Sæunni Þóru Þórarinsdóttur.

Í umsögn Félags atvinnurekenda er bent á að vanda þurfi til við breytingar á lögum um gistináttaskatt, nr. 87/2011, að því er varðar gjaldtöku gististaða, svo að samkeppnisstaða ólíkra tegunda gististaða verði jöfnuð. Hvetur félagið til þess að skoða fremur breytingu á lögum þvert á ferðamenn í stað þess að horfa á breytingar út frá tegund gististaða þar sem flokkun gististaða geti verið vandasöm. Tekið er undir sjónarmið félags atvinnurekenda um að vanda þurfi til verka þegar ólíkar tegundir gististaða eru grundvöllur skattlagningar. Í upphaflegum lögum var enginn greinarmunur gerður á gististöðum. Gjaldið var það sama hvort sem um var að ræða hótél eða tjaldstæði. Í lögum um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl., nr. 102/2023, var þessu breytt og frá 1. janúar 2024 hafa tjaldstæði greitt helmingi lægra gjald en aðrir gististaðir þ.m.t. hótél og gistiheimili. Í þessu frumvarpi er gengið enn lengra í að jafna samkeppnistöðu milli innlendra og erlendra fyrirtækja í

ferðapjónustu hér á landi með því að auka við gjaldtöku á skemmtiferðaskip í millilandasiglingum. Vegna athugasemda samtaka atvinnurekenda um að til standi að leggja vörugjald á rafrettur og nikótínþúða í tveimur ráðuneytum, þ.e. bæði í heilbrigðisráðuneytinu og fjármála- og efnahagsráðuneytinu, þykir rétt að benda á að það stendur ekki til. Gjaldtaka á umræddar vörur er alfarið ákvörðuð á grundvelli fyrirbyggjandi frumvarps þó ekki sé loku fyrir það skotið að með áformuðu frumvarpi heilbrigðisráðherra um tóbaksvarnir, rafrettur og nikótínvörur komi staðsetning gjaldtökuheimildanna til endurskoðunar. Í umsögn Samtaka atvinnulífsins er vakin athygli á því að miðað við fyrstu átta mánuði ársins hafi seldum gistinóttum fækkað um 4% á milli ára. Benda samtökin á að hin Norðurlöndin innheimta ekki gistináttaskatt og leggja því til að skatturinn verði felldur brott. Þessu er til að svara að meirihluti ríkja innan Evrópusambandsins leggja á skatt sambærilegum gistináttaskatti og er slík skattlagning til skoðunar á hinum Norðurlöndunum um þess mundir. Umræðan þar virðist öll vera á þann veg að innleiða eigi slíkan skatt þar. Má því gera ráð fyrir að innan tíðar verði hin Norðurlöndin ekki eftirbátar Íslands í þessum efnunum.

Í umsögn AECO, Samtaka leiðangursskipa á Norðurslóðum, er vísað í fyrri umsagnir varðandi fyrirhugaða breytingu á j-lið 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. ef breytingin varðar umboðsmenn skemmtiferðaskipa hér á landi. Því er til að svara að breytingin varðar ekki umboðsmenn slíkra skipa. Með umsögninni fylgdu þrjú skjöl þar sem fjallað er um afnám tollfrelsis til handa skemmtiferðaskipum í innanlandssiglingum. Tollfrelsi þeirra var afnumið með lögum nr. 102/2023 og tekur það gildi 1. janúar 2025. Frumvarpið hefur ekki að geyma neinar tillögur varðandi umrætt tollfrelsi.

Í umsögn Sæunnar Þóru kemur m.a. fram að það sé grimmd að halda því fram að ekki þurfi lengur stuðning við íslenska hrossarækt og ættu embættismenn að spara í öðru en þessum lið fjárlaga. Þessu er til að svara að málið á sér forsögu en Stofnverndarsjóður íslenska hestsins starfar samkvæmt reglugerð um stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins, nr. 1123/2015 og 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998. Fagråd í hrossarækt fer með stjórn sjóðsins og hann er í vörslu Bændasamtaka Íslands. Samkvæmt lögum nr. 124/2018, um breytingu á lögum um útflutning hrossa, nr. 27/2011, var kveðið á um innheimtu sérstaks gjalds (skatts) af hverju útfluttu hrossi. Gjaldið var föst krónutala eða 3.500 kr. Tekjur af gjaldinu áttu samkvæmt lögnum að renna í stofnverndarsjóð íslenska hestsins. Gjaldið hefur hins vegar ekki verið innheimt í nokkur ár þar sem yfirskattanefnd komst að þeirri niðurstöðu að lagastoð fyrir henni væri ekki nægjanleg. Eftir úrskurð yfirskattanefndar var það niðurstaða þáverandi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið að leita annarra leiða fremur en að halda innheimtunni til streitu. Gjaldtökuákvæðið var því fellt brott með lögum um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl., nr. 102/2023. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Bændasamtök Íslands ásamt deild hrossabænda hafa nú sammælt um að leggja formlega niður Stofnverndarsjóð sem kveðið er á um í búnaðarlögum. Með vísan til framangreinds er nú lagt til að stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins verði lagður niður. Þess má þó geta að nýverið var auglýst í fyrsta sinn eftir umsóknum til þróunarstyrkja í hrossarækt á Íslandi. Frá og með haustinu 2024 er þannig hægt að sækja um sérstaka þróunarstyrki í hrossarækt, sbr. reglugerð um almennan stuðning við landbúnað, nr. 430/2021.

Í umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða kemur fram að boðuð áform um að heimila lífeyrissjóðum til frambúðar að eiga stærrí hlut en 20% í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem eingöngu fjárfesta í litlum og meðalstjórum fyrirtækjum skv. 1. og 2. tölul. 3. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, séu jákvæð. Þá fagna Samtök atvinnulífsins því í umsögn sinni að gera eigi heimild lífeyrissjóða til slíkrar fjárfestingar varanlega. Í umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða er þó m.a. bent á að nógildandi skilyrði um að innlausnir í sjóðum

skuli fyrst fara fram að fimm árum liðnum eftir að þeir hófu fjárfestingar sé líklegt til að hafa óheppileg áhrif á rekstur slíkra sjóða. Fram kemur að slík takmörkun kunni að hafa þau áhrif að hún dragi úr hvata sjóðstjóra til að reka hverja fjárfestingu sjóðs áfram og skila því fé sem fjárfest hafði verið þar sem ekki sé heimilt að skila fé til fjárfesta á tímabilinu fram að lokum 5. starfsárs sjóðsins. Fallist er á framkomin sjónarmið samtakanna að því er þetta varðar og lagt til að ekki verði gerð áframhaldandi krafa um að innlausnir í viðkomandi sjóðum geti fyrst farið fram fimm árum eftir að sjóður hóf fjárfestingar. Í því sambandi er til að mynda litið til þess að skilyrði þessa efnis kann að hafa áhrif á reiknaða ávöxtun sjóðs þar sem honum er ekki heimilt að skila fjármunum fjárfestingar til lífeyrissjóða fyrr en að liðnum fimm árum frá fjárfestingu.

Í áformaskjali um frumvarpið sem kynnt var almenningi í samráðsgátt stjórnvalda kom fram að fyrirhugað væri að breyta lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, vegna óskiptrar ábyrgðar umboðsmanna og annarra sem væru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka hér á landi skattskyld viðskipti. Við nánari athugun á málinu hafa komið í ljós atriði sem þarfnast nánari skoðunar áður en fyrirhugaðar breytingar verða lagðar fram í frumvarpi til breytinga á lögum um virðisaukaskatt. Unnið verður áfram í málinu í samræmi við fyrirliggjandi áform.

[Frumvarpsdrög voru kynnt almenningi í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is 15.–20. október 2024 ... í vinnslu.]

6. Mat á áhrifum.

6.1. Mat á fjárhagsáhrifum.

Tillögur frumvarpsins eru af margvíslegum toga og sama má segja um mat á áhrifum þeirra.

Við álagningu 2024 á tekjur ársins 2023 voru 460 millj. kr. af persónuafslætti nýttar til niðurgreiðslu fjármagnstekjuskatts. Með fyrirhugaðri breytingu á hlutfalli óráðstafaðs persónuafsláttar til greiðslu fjármagnstekjuskatts er gert ráð fyrir aukningu upp á 60 millj. kr. í nýttum persónuafslætti.

Lagðar eru til breytingar á gjaldtöku af ferðamönnum, með þeim hætti að tekið verði upp nýtt innviðagjald á skemmtiferðaskip í millilandasiglingum og breytingar gerðar á fjárhæðum og andlagi gistináttaskatts. Er áætlað að tekjur af gistináttaskatti og innviðagjaldi nemi 5,8 milljörðum kr. árið 2025, en þar af eru 1,9 milljarðar kr. vegna innviðagjaldsins. Búið er við að áhrif af þeim breytingum í gjaldtöku sem hér er lýst skiptist þannig, að 0,8 milljarðar kr. af hækkuninni (eða um 13,5%) verði af gistingu einstaklinga sem búsettir eru hérlandis en 5,0 milljarðar kr. (eða um 86,5%) af gistingu erlendra ferðamanna. Fyrirhugað er, að gistináttaskattur á hótél og gistiheimili hækki úr 600 kr. í 800 kr. fyrir hverja selda gistináttaeiningu, en samfara því er gerð sú breyting, að gistináttaskattur myndar ekki lengur stofn til virðisaukaskatts. Þá er hlutfallsleg hækkun gistináttaskatts á tjaldsvæði jafnmikil og í tilfelli hótela og gistiheimila, en fyrirhugað er að það gjald hækki úr 300 kr. í 400 kr. Þar myndar gistináttaskattur ekki heldur stofn til virðisaukaskatts. Skemmtiferðaskip í innanlandssiglingum greiða áfram gistináttaskatt en bæði andlag og fjárhæð hans breytist og verður 400 kr. fyrir hvern byrjaðan sólarhring fyrir hvern farþega í stað þeirra 1.000 kr. fyrir hverja selda gistináttaeiningu eins og nú gildir. Er þessi breyting tilkomin annars vegar vegna þess að gera á þessi skip jafnsett annarri gjaldskyldri gististarfsemi innanlands, enda lúta að því samkeppnissjónarmið, og hins vegar til að koma til móts við sjónarmið þessara aðila um að innheimta skatts fyrir hvern farþega, í stað hvernar seldrar gistináttaeiningar, sé einfaldari í framkvæmd fyrir skipin. Mest er breytingin í tilfelli skemmtiferðaskipa í millilandasiglingum, en fyrirhugað að skipin greiði innviðagjald í stað gistináttaskatts eins og nú er. Gert er ráð

fyrir að innviðagjaldið nemi 2.500 kr. fyrir hverja selda gistinótt fyrir hvern farþega. Fjárhæðin tekur mið af því að skip í millilandasiglingum greiða takmarkaða skatta til íslenska ríkisins og njóta tollfrelsis. Áætlað er að breytt gjaldtaka af skipum í millilandasiglingum skili 1,5 milljörðum kr. umfram það sem ella hefði orðið, miðað við óbreyttar gjaldfjárhæðir og andlag.

Verði tillögur frumvarpsins um 60 kr. gjaldtöku á hvern millilítra af vökva í einnota rafretum og áfyllingarvökva fyrir rafretur að lögum, má vænta þess að tekjur ríkissjóðs af gjaldinu gætu numið 2 milljörðum kr. á næsta ári. Gert er ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs af gjaldtöku á nikótínvörur að fjárhæð 30 kr. á hvert gramm gætu numið 4 milljörðum kr. Að auki má búast við hliðaráhrifum á VSK sem gætu numið 1,5 milljörðum kr. Matið er næmt fyrir forsendum um eiginverðteygni eftirspurnar eftir framangreindum vörum, en hún hefur áhrif á skiptingu skattbyrðarinnar milli seljenda og neytenda og það hversu mikið eftirspurn mun dragast saman vegna gjaldtökunnar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stuðningi við nýsköpunarfyrirtæki verði viðhaldið á komandi árum líkt og gert er ráð fyrir í samþykktri Fjármálaáætlun 2025-2029. Í forsendum áætlunarinnar er miðað við að stuðningur aukist um ríflega 7 milljarða kr. frá fjárlögum ársins 2024 og út tímabil áætlunarinnar. Það samsvarar um 45% aukningu. Þannig hefur verið gert ráð fyrir þeim breytingum sem felast í frumvarpinu í samþykktri fjármálaáætlun.

Einstaka breytingar í frumvarpinu hafa ýmist áhrif til hækkunar eða lækkunar á áætluðum stuðningi við nýsköpunarfyrirtæki en samanlögð eru áhrifin áætluð tæpir 4 milljarða kr. á árinu 2026. Áhrifin eru háð óvissu um fjölda fyrirtækja og umsókna en talið er að breytingar stuðli að markvissara stuðningi til að efla nýsköpun og þróun í samræmi við markmið laganna.

Sem stendur byggist stuðningurinn á bráðabirgðaákvæði sem sett var á til að auka stuðning við rannsóknir og þróun í COVID og nemur hann 35% af rannsóknar- og þróunarkostnaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja og 25% af kostnaði stórra fyrirtækja. Þak þess kostnaðar sem liggur til grundvallar stuðningnum er 1,1 ma.kr. Bráðabirgðaákvæðið fellur úr gildi í lok árs 2024 og þá verða hlutföllin þau sömu og þau voru fyrir rekstrarárið 2019, 20% fyrir öll fyrirtæki óháð stærð og þak á kostnaði verður 900 millj. kr. Áhrifin yrðu þó töluvert meiri á lítil og meðalstór fyrirtæki heldur en stór fyrirtæki.

Í samræmi við niðurstöður OECD um að markmiðum laganna sé frekar mætt með stuðningi við minni fyrirtæki er lagt til að í stað þess að stuðningurinn verði 20% fyrir öll fyrirtæki þá verði hann 35% fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og 15% fyrir stór fyrirtæki. Þá verði hámarksþak frádráttabærs kostnaðar það sama og það var fyrir hækkun í tengslum við aðgerðir á COVID tímabilinu, eða 900 millj. kr.

Ofangreindar breytingar fela í sér að hámarksstuðningur til lítilla og meðalstórra fyrirtækja verður 315 millj. kr. og 135 millj. kr. til stórra fyrirtækja. Til samanburðar var hámarksstuðningur til lítilla og meðalstórra fyrirtækja á meðan bráðabirgðaákvæðið var í gildi 385 millj. kr. en hefði orðið 180 millj. kr. að óbreyttu. Hámarksstuðningur til stórra fyrirtækja nam 275 millj. kr. á meðan bráðabirgðaákvæði var í gildi en hefði orðið 180 millj. kr. að óbreyttu. Þess ber að geta að um 12-14 fyrirtæki hafa að jafnaði notið hámarksstuðnings og þar af telst rúmlega helmingur til stórra fyrirtækja. Samtals er áætlað að þessar breytingar feli í sér hækkun útgjalda um sem nemur 5,8 milljörðum kr. á árinu 2026 vegna rekstrarársins 2025 miðað við að stuðninginn væri óbreyttur og bráðabirgðaákvæðið félli úr gildi.

Á móti þessari hækkun er jafnframt gert ráð fyrir ýmsum breytinginum sem dragi úr útgjaldavexti, um sem nemur 1,5-2 milljörðum kr. Þar vegur þyngst takmörkun á framlengingu umsókna í tvígang í stað ótakmarkaðs árafjölda áður. Fyrirtæki geta þó lagt inn nýja umsókn sé verkefninu enn ólokið þannig að breytingin felur ekki í sér endanlega takmörkun á árafjölda.

Ekki er gert ráð fyrir fjárhagslegum áhrifum af breytingum á lögum á váttryggingamarkaði og lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu hafa samanlagt ekki teljandi áhrif á afkomu ríkissjóðs, sveitarfélaga, einstaklinga og lögaðila verði frumvarpið óbreytt að lögum.

6.2. Mat á jafnréttisáhrifum.

Ekki hefur farið fram ítarleg greining á jafnréttisáhrifum frumvarpsins. Í þeim tilvikum sem tillögur frumvarpsins eru til þess fallnar að hafa bein og tafarlaus áhrif á verðlag og þar með á notendur og atvinnurekstraraðila eru slík áhrif hlutfallslega lítil að umfangi. Búast má við að verð hækki á gistiþjónustu en upplýsingar úr staðgreiðsluskrá benda til að konur séu fjölmennari meðal starfsmanna í greininni. Notendur gistiþjónustu skiptast hins vegar tiltölulega jafnt eftir kynjum. Einstakar tillögur frumvarpsins gætu haft í för með sér ýmist jákvæð eða neikvæð áhrif á einstaklinga og eigendur og stjórnendur fyrirtækja, sem á heildina litið eru oftast karlar en konur. Karlar eru líklega í meiri hluta í hópi eigenda þeirra fyrirtækja sem njóta góðs af stuðningi við nýsköpunarfyrirtæki og hafa þeir verið í töluverðum meiri hluta þeirra sem standa að baki umsóknum um slíkan stuðning. Nokkrar tillögur frumvarpsins eru tæknilegs eðlis og hafa hvorki fjárhagsleg né önnur áhrif í för með sér fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Samkvæmt upplýsingum á vef embættis landlæknis á Ísland.is er notkun nikótínþúða mun algengari meðal karlanna. Dagleg notkun karla 18–34 ára á nikótínþúðum er 32% samkvæmt greininni „Dagur án tóbaks 2024“. Dagleg notkun kvenna í sama aldurshóp er 19%. Boðaðar breytingar hefðu því meiri áhrif á karlmenn en konur.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með lögum um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld, nr. 32/2021, voru gerðar breytingar til eflingar á skattaumhverfi þeirra lögaðila sem starfa til almannaheilla og falla undir þriðja geirann. Í lögnum, sem öðluðust gildi 1. nóvember 2021, er gert ráð fyrir því að fyrirtækjaskrá Skattsins haldi sérstaka almannaheillaskrá og að viðkomandi lögaðili sem starfar til almannaheilla sé sannanlega skráður í skrána á því tímamarki sem einstaka gjöf eða framlag er afhent til lögaðila.

Í 9. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, er kveðið á um að lögaðilar sem hafa með höndum starfsemi sem telst til almannaheilla og skráðir eru í sérstaka almannaheillaskrá Skattsins greiði ekki tekjuskatt. Lagðar eru til tvíþættar breytingar á tölulíðnum. Annars vegar orðalagsbreytingar í þá veru að skýrt er að lögaðila er einungis heimilt að stunda takmarkaða atvinnustarfsemi til fjáröflunar innan þeirra marka sem tilgreind eru í samþykktum hans og leiða má beint af tilgangi lögaðilans og atvinnustarfsemin hefur aðeins óverulega fjárhagslega þýðingu með tilliti til heildartekna hans eða er óverulegur hluti heildarstarfsemi. Vegna samkeppnissjónarmiða þykir ástæða til að settir séu varnaglar sem þessir þar sem hættu getur verið á því að félagasamtök eða stofnanir fái stundað samkeppnisrekstur í skjóli skráningar í almannaheillaskrá Skattsins. Hins vegar er lagt til að við tölulíðinn verði bætt nýjum málslíð sem heimili ráðherra að setja reglugerð um frekari skilgreiningar á starfsemi til almannaheilla og þau skilyrði sem uppfylla þarf fyrir skráningu í almannaheillaskrá Skattsins. Slík reglugerðarheimild þykir nauðsynleg svo setja megi skýrari ramma um þau réttindi og skyldur sem fylgja skráningu félaga, sjóða og stofnana í almannaheillaskrá Skattsins.

Um 2. gr.

Í a-lið er lagt til að felld verði brott úrelt heimild til að jafna ónýttum persónuafslætti á móti greiðslu auðlegðarskatts á eftir greiðslu tekjuskatts og útsvars í 1. og 3. másl. 2. mgr. 67. gr. A laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Auðlegðarskattur var lögfestur í lok árs 2009 sem tímabundinn eignarskattur og var hann lagður á án tillits til arðs eða tekna, til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Auðlegðarskatturinn rann sitt skeið og var síðast lagður á við álagningu opinberra gjalda á einstaklinga árið 2014 miðað við hreina eign einstaklinga í lok tekjuársins 2013, í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum um tekjuskatt.

Frá útreiknuðum tekjuskatti dregst persónuafsláttur. Ef persónuafsláttur er ekki fullnýttur gengur hann fyrst upp í greiðslu tekjuskatts maka, ef svo á við, en síðan til greiðslu fjármagnstekjuskatts, þar sem viðkomandi má nýta 22/37 af ónýttum persónuafslætti til greiðslu fjármagnstekjuskatts. Í b-lið er kveðið á um að hlutfall óráðstafaðs persónuafsláttar sem ráðstafað er til greiðslu fjármagnstekjuskatts breytist úr 22/37 í 22/31, verði frumvarpið að lögum. Við tekjuskattsbreytingar 2020-2021 fórst fyrir að leggja til slíka breytingu sem tekur mið af skatthlutfalli fjármagnstekjuskatts og lægsta skatthlutfalli tekjuskatts einstaklinga sem nú er að meðtöldu útsvari 31,48%. Hlutföllun persónuafsláttar til greiðslu fjármagnstekjuskatts tryggir það að skattleysismörk eru svipuð hvort sem viðkomandi er með fjármagnstekjur eða launatekjur. Breytingin sem hér er lögð fram hækkar það hlutfall óráðstafaðs persónuafsláttar sem hægt er að nýta til greiðslu fjármagnstekjuskatts.

Um 3. og 5.–6. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 99. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, skulu úrskurðir uppkveðnir og undirritaðir af ríkisskattstjóra. Þannig hafa úrskurðir verið undirritaðir af ríkisskattstjóra og þeim starfsmönnum, sem hann hefur veitt umboð til að undirrita úrskurði og aðrar ákvarðanir í sínu umboði, hvort heldur formlegt umboð er veitt eða slíkt umboð leiðir af starfi viðkomandi. Úrskurðir og aðrar ákvarðanir stjórnvalda hafa um áratugaskeið verið undirritaðar með eigin hendi af þeim starfsmönnum sem ákvörðun tóku og auk þess iðulega auðkenndar með stimpli stjórnvalds. Aukin stafræn samskipti þar sem samskipti við borgarana fara fram á þjónustusíðu opinberrar stofnunar eða með sendingu í stafrænt pósthólf á Ísland.is leiða til þess að undirritun með eigin hendi þess sem kemur fram fyrir hönd stofnunar er ekki eins aðkallandi við staðfestingu á uppruna og áreiðanleika þeirrar ákvörðunar eða tilkynningar sem birt er. Kjósi móttakandi aftur á móti að hlaða niður t.d. skjali frá Skattinum af þjónustusíðu er það jafnframt innsiglað með rafrænum skilríkjum stofnunarinnar. Sama á við um fjöldatilkynningar sem eiga sér uppruna í málaskrárkerfi stofnunar og auðkenndar henni, þar sem tilefni, tímasetning og ábyrgðarmaður fyrir sendingu er skráður. Þannig hefur viðgengst að sendar eru út ýmsar fjöldatilkynningar eða stjórnvaldsákvarðanir, s.s. á við um birtingu álagningarseðla, þar sem eftir atvikum kemur einungis fram embættisheiti forstöðumanns stofnunar. Samkvæmt framansögðu er lagt til að heimilað verði að úrskurðir og önnur samskipti við einstaklinga og lögaðila verði send beint úr skrifstofu- eða málaskráningarkerfum á bréfsefni stofnunar án þess að starfsmaður sem ákvörðun tók undirriti hana með eigin hendi en þess í stað verði ákvörðun staðfest með árituðu (vérlituðu) nafni viðkomandi starfsmanns eða eftir atvikum mynd af eiginhandarundirritun hans, samkvæmt innri ferlum þar um.

Um 4. gr.

Með greininni er lögð til styrking lagagrundvallar að beitingu viðurlaga skv. 109. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, þegar um er að ræða annmarka á upplýsingagjöf vegna

áreiðanleikakannana fjármálastofnana sem framkvæmdar eru til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar um upplýsingaskipti á sviði skattamála, sbr. 92. gr. laganna. Vanhöld geta verið á að fjármálastofnanir sinni upplýsingaskyldu sinni til ríkisskattstjóra vegna viðskiptamanna sem þau hafa samþykkt í viðskipti. Lagt er til að sérstakt ákvæði verði tekið upp þar sem skýrt verði kveðið á um viðurlög við þessar aðstæður þar sem ríkisskattstjóra er gert heimilt að leggja á stjórnvaldssekt allt frá 10.000 kr. og að 1. milljón kr., allt eftir aðstæðum og alvarleika brots. Sect miðast við það tímamark sem viðskiptamaður er tekinn í viðskipti að því gefnu að fjármálastofnun hafi ekki skilað til ríkisskattstjóra viðunandi upplýsingum um þann viðskiptamann. Sem dæmi um slíkar upplýsingar er skattkennitala eða TIN númer en upplýsingar sem þessar eru nauðsynlegar þannig að ríkisskattstjóri geti fullnægt skyldu sinni til að skipta á upplýsingum við önnur ríki.

Um 7. gr.

Í 2. og 3. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, er kveðið á um að gjald fyrir lögskilnaðarleyfi sé 6.500 kr. og gjald fyrir leyfi til skilnaðar að borði og sæng 5.400 kr. Ákjósanlegt þykir að gjaldið sé það sama fyrir bæði leyfin og yrði það til einföldunar við innheimtu gjaldanna hjá sýslumanni. Sýslumaður gæti þannig beint því til aðila að greiða fyrir skilnaðarleyfi, þó ekki væri orðið ljóst á þeim tímamarki hvort hjónin óski lögskilnaðar eða skilnaðar að borði og sæng, án þess að síðar þyrfti að bregðast við ofgreiðslu eða vangreiðslu vegna mismunar á þessum fjárhæðum sem nemur 1.100 kr. Því er lagt til í a-lið greinarinnar að sama gjald verði greitt fyrir lögskilnaðarleyfi og leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða 6.500 kr.

Aformað er að gera breytingu á útgáfu og framleiðslu ökuskírteina í þá veru að stafræn ökuskírteini verði ráðandi og prentun á plasti, sem fara mun fram hér á landi, fari aðeins fram óski réttthafi sérstaklega eftir því. Þar sem stafræn ökuskírteini gilda hérlandis hefur borið á því að allt að 20% ökuskírteina eru aldrei sótt til útgefanda. Tillagan grundvallast m.a. á umhverfis- og öryggissjónarmiðum og kallar hún á breytt verðfyrirkomulag þar sem kostnaður vegna útgáfu og prentun ökuskírteina á plasti er felldur á réttthafa ökuréttinda. Í b-e-liðum 7. gr. frumvarpsins er því lögð til breyting á 14. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, þess efnis að tekið verði sérstakt gjald fyrir ökuskírteini á plasti, flýtafgræiðslu þeirra og fyrir ökuskírteini á plasti til handa 65 ára og eldri. Gjald vegna útgáfu stafrænna ökuskírteina helst hins vegar óbreytt.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að heimild lífeyrissjóðs til fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum eða hlutum í hverjum sjóði um sameiginlega fjárfestingu verði hækkuð úr 20% í 35%, þó aldrei umfram 1% heildareigna lífeyrissjóðsins. Viðbótarheimildin er bundin því skilyrði að hún nái aðeins til sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta eingöngu í litlum eða meðalstórum nýsköpunarfyrirtækjum samkvæmt lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

Um 9. gr.

Í greininni er lögð til eins árs framlenging á gildistíma ákvæðis til bráðabirgða EE búvörlaga, nr. 99/1993, þannig að það gildi út árið 2025. Bráðabirgðaákvæðið kveður á um tímabil sem afmarka lægri innflutningstolla á tiltekna tegundir grænmetis. Með framlengingunni er tryggt nægjanlegt framboð til hagsbóta fyrir neytendur, auk þess sem komið er í veg fyrir skortstöðu og dregið úr líkum á tímabundnum verðhækkunum vegna

álagningar tolla í þeim tilvikum þegar innlent vöruframboð er ekki nægjanlegt. Breytingartillagan er unnin í samráði við matvælaráðuneytið.

Um 10. gr.

Samkvæmt lögum, nr. 124/2018, um breytingu á lögum um útflutning hrossa, nr. 27/2011, sem eru á forræði matvælaráðherra, er kveðið á um innheimtu sérstaks gjalds af hverju útfluttu hrossi. Gjaldið er föst krónutala, eða 3.500 kr. Tekjur af gjaldinu eiga samkvæmt lögnum að renna í stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins. Sjóðurinn er í umsýslu Bændasamtaka Íslands og starfar eftir reglugerð um hann, nr. 1123/2015. Innheimta gjaldsins var áður í höndum Bændasamtakanna en var flutt til ríkisins árið 2019.

Skatturinn hóf ekki innheimtu gjaldsins fyrr en 2021, þá miðað við útflutning hrossa allt frá ársbyrjun 2019. Sú innheimta var kærð til yfirsattanefndar sem komst að þeirri niðurstöðu í úrskurði nr. 217/2021 að lagastoð fyrir henni væri ekki nægileg. Gjaldið af útfluttum hrossum var því ekki innheimt af ríkinu frá ársbyrjun 2019. Eftir úrskurð yfirsattanefndar var það niðurstaða þáverandi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið að leita annarra leiða fremur en að halda innheimtunni til streitu. Gjaldtökuákvæðið var því fellt brott með lögum um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl., nr. 102/2023. Með vísan til framangreinds er nú lagt til að stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins verði lagður niður. Fyrirhugað er að eftirstöðvum fjármuna sjóðsins verði varið í verkefni tengdum íslenska hestinum, m.a. til uppfærslu á upprunabók íslenska hestsins WorldFeng.

Um 11. gr.

Lagðar eru til breytingar á 3. mgr. 8. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda, nr. 150/2019, til aukins skýrleika.

Í fyrsta lagi er lagt til að orðinu „gjaldandi“ verði bætt við ákvæðið. Er það til að taka af allan vafa á því að það sé einungis gjaldandi sjálfur sem höfðað hefur dómsmál, sem geti krafist dráttarvaxta frá þeim tíma þegar dómsmál telst höfðað. Ef gjald hefur verið dæmt ólögmaett tekur 1. mgr. 8. gr. laganna til þeirra sem greiddu hið ólögmaeta gjald en höfðuð ekki dómsmál. Skaðabótavextir, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna, námu þann 1. september 2024, 5,97% en á sama tíma voru dráttarvextir 17%, sbr. 3. mgr. 8. gr. áðurnefndra laga. Talin er þörf á að afmarka með skýrum hætti hverjir eigi rétt á að krefjast dráttarvaxta vegna dómsmáls, þ.e. að reglan eigi við um þann gjaldanda sem höfðar dómsmálið. Hefur þessari aðferð verið beitt í framkvæmd við endurgreiðslur gjalda sem dómstólar hafa dæmt ólögmaett.

Í öðru lagi hefur ákvæðið ekki þótt nægilega skýrt um hvort heimilt sé að leggja dráttarvexti á endurgreiðslur skatta, gjalda eða sekta sem málshefjandi greiddi eftir höfðun dómsmáls til endurgreiðslu skatta, ef gjaldið er síðar dæmt ólögmaett. Eðlilegt þykir að málshefjandi greiði áfallandi gjald í samræmi við greiðsluskyldu þar til dómur liggur fyrir um lögmæti þess. Í framkvæmd hefur þessi regla verið lögð til grundvallar í endurgreiðslumálum, sbr. dóm Hæstaréttar nr. 544/2017.

Í framangreindum dómi segir: „Samkvæmt þessu verður að líta svo á að stefndi hafi með málsókninni 16. desember 2013 sannanlega lagt fram kröfu um endurgreiðslu oftekinna gjalda, sem hann yrði krafinn um, í skilningi 2. mgr. 2. gr. laga nr. 29/1995. Var honum því engin þörf á að krefja áfrýjanda hverju sinni um endurgreiðslu oftekinna gjalda, sem hann yrði krafinn um undir rekstri þess máls, á því tímabili sem krafa hans tekur til.“

Þar sem reynt hefur á það hvort gjaldendur eigi rétt til dráttarvaxta vegna greiðslna ólögmeats gjalds eftir málshöfðun er talið nauðsynlegt að lögfesta þessa framkvæmd sem leiða má af áðurnefndum Hæstaréttardómi og þannig taka af allan vafa um rétt gjaldenda.

Um 12. gr.

Í greininni eru lagðar til tvenns konar breytingar á j-lið 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Annars vegar að leiðsögumönnum verði bætt við j-liðinn. Í breytingunni felst að leiðsögumönnum ber að innheimta virðisaukaskatt þegar þeir selja erlendu atvinnufyrirtæki leiðsöguþjónustu sem nýtt er hér á landi. Hins vegar er lagt til að tilvísun til vara í ákvæðinu verði felld brott enda fjallar 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. eingöngu um sölu á þjónustu til erlendra atvinnufyrirtækja.

Um 13. gr.

Með greininni eru lagðar til breytingar á 3. mgr. 24. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Þannig að eftirfarandi aðilum verði einnig gert að gera upp virðisaukaskatt mánaðarlega eins og nánar er kveðið á um í málsgreininni: Annars vegar einstaklingar sem óska eftir skráningu á grunnskrá virðisaukaskattsskrá og hafa verið eigendur, stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar í gjaldþrota félagi einhvern tímann á síðustu tólf mánuðum fyrir gjaldþrot þess. Hins vegar félög sem óska eftir skráningu á grunnskrá virðisaukaskattsskrá og eigendur, stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar þess hafa verið eigendur, stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar í gjaldþrota félagi einhvern tímann á síðustu tólf mánuðum fyrir gjaldþrot þess. Í báðum framangreindum tilvikum er miðað við að umrædd félög hafi orðið gjaldþrota á næstliðnum fimm árum fyrir skráningu á grunnskrá virðisaukaskattsskrá. Með hugtökunum eigandi, stjórnarmaður og framkvæmdastjóri er, eftir sem áður, átt við aðila sem skráðir eru opinberri skráningu samkvæmt fyrirtækjaskrá sem og raunverulega stjórnendur eða eigendur félags.

Um 14. og 18.–19. gr.

Með 14. frumvarpsins er lagt til að nýrri málsgrein, 4. mgr., verði bætt við 30. gr. tollalaga, nr. 88/2005, þar sem kveðið er sérstaklega á um að tollyfirvöld skuli hafa aðgang að rafrænni vöktun og upptökum úr myndavélakerfum þeirra sem viðhafa vöktun á svæðum þar sem lögbundið tolleftirlit skuli viðhaft. Nánar tiltekið er hér um að ræða tollhafnir sem og aðrar hafnir, flugvelli og geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur. Enn fremur er í málsgreininni mælt fyrir um að tollyfirvöldum sé heimilt að taka upp eða taka afrit af því efni sem þau fá aðgang að. Þá er þar kveðið á um að aðilum ber að veita tollyfirvöldum aðgang að rafrænni vöktun endurgjaldslaust og á því formi og með þeim hætti sem tollyfirvöld mæla fyrir um. Að lokum er áréttað í 14. frumvarpsins að tollyfirvöldum sé heimilt að viðhafa sjálf rafræna vöktun og taka upp efni úr henni eftir því sem þau telja sig þurfa.

Í 18. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 180. gr. a í tollalögum, nr. 88/2005, um að veiti aðilar sem viðhafa rafræna vöktun á fyrrnefndum svæðum tollyfirvöldum ekki aðgang að umræddum upplýsingum geti það varðað stjórnvaldssektum.

Með 19. gr. frumvarpsins er lagt til að í stað þess að vísa til fyrirtækis í 2. másl. 4. mgr. 180. gr. a í tollalögum, nr. 88/2005, verði í staðinn vísað til lögaðila.

Um 15. gr.

Lagðar eru til breytingar á 2. mgr. 121. gr. tollalaga, nr. 88/2005, þannig að heimilt verði að veita greiðslufrest við uppgjör á aðflutningsgjöldum vegna bráðabirgðatollafgreiðslu skv. 36. gr. laganna og vegna tollafgreiðslu á grundvelli neyðarleyfis skv. 37. gr. laganna.

Um 16. gr.

Með greininni er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 156. gr. tollalaga, nr. 88/2005, um heimild tollyfirvalda til að framkvæma leit í innrituðum farangri farþega og áhafnar að viðkomandi fjarstöddum ef það leiðir til óhóflegra tafa eða annarra erfiðleika að hann sé viðstaddur leitina. Með óhóflegum tögum er til dæmis átt við tafir sem myndu leiða til þess að viðkomandi gæti misst af fari sínu eða tafir gagnvart flugfélagi en með öðrum erfiðleikum er til dæmis átt við að ekki tekst að hafa uppi á viðkomandi vegna sérstakra aðstæðna á háannatíma eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna. Tollgæslu ber að beita þessari heimild sinni til leitar af varúð og upplýsa viðkomandi um að leit hafi farið fram ef hann hefur ekki verið viðstaddur leitina. Ein leið til þess er að setja kvittun í farangur þar sem fram kemur að leit hafi farið fram og að lagaheimild sé fyrir leitinni.

Um 17. gr.

Lagt er til að bæta við 4. mgr. 159. gr. nýjum málslið um að heimilt sé að nota lágskammta röntgenskanna við nákvæma leit að fengnu samþykki viðkomandi aðila. Með lágskammta röntgenskanna er átt við tæki sem tekur einfaldar röntgenmyndir af beinagrind og innri rýmum líkamans. Hér er ekki um að ræða skanna sem eru í auknum mæli notaðir við öryggiseftirlit á flugvöllum og sýna útlínur líkamans og hluti undir fötum og jafnframt er ekki um að ræða röntgenvél, tölvusneiðmyndavél eða MR-tæki líkt og þeim sem sjúkrahús nota í læknisfræðilegum tilgangi. Um er að ræða tæki sem verður staðsett í sérstöku stjórnherbergi á Keflavíkurflugvelli þar sem farþegi gengur í gegnum hlið með röntgengeislun. Áætluð geislun sem farþegi yrði fyrir við gegnumlýsingu er 0,25 micro Sivert. Aðeins búkur yrði skannaður. Í framkvæmd hefur með nákvæmri leit verið átt við leit þar sem farþegi þarf að afklæðast. Í núgildandi lögum kemur fram að nákvæma leit á manni skuli framkvæma af persónu af sama kyni og er einstaklingum með hlutlausa kynskráningu gefinn kostur á velja hvort kona eða karl framkvæmir leitina. Með framangreindri tillögu er ætlunin að heimila nýja eftirlitsaðferð með notkun búnaðar við nákvæma leit sem ætla má að feli í sér minna inngríp í persónufrelsi einstaklinga. Með samþykki er átt við að notkun röntgenskannans byggist á frjálsri þátttöku farþegans. Farþegi getur ávallt neitað að fara í röntgenskannan og í kjölfarið myndi hefðbundið tollefertilit halda áfram eins og þurfa þykir. Ef farþegi hins vegar samþykkir að fara í myndatöku er honum kynnt hvernig skoðunin fer fram og hann beðinn um að undirrita eyðublað þar sem nánari upplýsingar eru veittar um réttindi hans. Myndir frá röntgenskannanum verða ekki vistaðar.

Um 20. gr.

Lagt er til að við heiti laga um gistináttaskatt, nr. 87/2011, verði bætt tilvísun til innviðagjalds til samræmis við þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á öðrum ákvæðum laganna.

Um 21. gr.

Lagðar eru til breytingar á 2. gr. laga um gistináttaskatt, nr. 87/2011, þannig að greinin breytist í heild sinni. Í 1. mgr. hinnar nýju greinar er kveðið á um af hvaða seldum

gistináttæiningum skuli greiða gistináttaskatt. Ekki er um að ræða efnislega breytingu frá gildandi lögum, sbr. 1. mgr. og 3. mgr. 2. gr. núgildandi laga. Í 2. mgr. er kveðið á um að skemmtiferðaskip í innanlandssiglingum skuli greiða gistináttaskatt fyrir hvern dvalargest í skipinu. Nánar tiltekið er hér um að ræða dvalargesti sem hafa keypt sér ferð með skemmtiferðaskipi, sbr. einnig 22. gr. frumvarpsins. Hér er um breytingu að ræða frá því sem nú gildir. Umrædd skemmtiferðaskip hafa frá 1. janúar 2024 greitt gistináttaskatt af hverri seldri gistináttæiningu. Með breytingunni er verið að koma til móts við sjónarmið rekstraraðila þessara skipa um að núgildandi fyrirkomulag sé flókið og íþyngjandi þar sem sala þeirra á ferðum miðast við hvern farþega en ekki hvern klefa eða káetu. Hugtakið gistináttæining er skilgreind í 3. mgr. ákvæðisins. Skilgreiningin er óbreytt, sbr. 2. mgr. 2. gr. gildandi laga. Fjárhæð gistináttaskatts er annars vegar að finna í 4. mgr., hjá þeim sem selja gistináttæingar skv. 1. mgr., og hins vegar í 5. mgr., hjá skemmtiferðaskipum í innanlandssiglingum um Íslands. Fjárhæð gistináttaskattsins tekur annars vegar mið af fyrirhugaðri breytingu á gjaldtöku á ferðaþjónustu sbr. umfjöllun á bls. 126 í frumvarpi til fjárlaga 2025 (1. mál á 155. löggjafarþingi) og hins vegar því sem kemur fram í 6. mgr. greinarinnar um að gistináttaskatturinn myndar ekki lengur gjaldstofn til virðisaukaskatts. Með skemmtiferðaskipi í innanlandssiglingum er átt við skemmtiferðaskip sem tekur farþega um borð hér á landi, siglir með þá á milli hafna hér á landi (venjulega í kringum landið) og skilar þeim síðan aftur í land hér á landi. Farþegarnir fara ekki með skipinu til útlanda. Með skemmtiferðaskipi í millilandasiglingum er átt við skemmtiferðaskip þar sem farþegar koma með skipi erlendis frá og fara með sama skipi, í sömu ferð, aftur erlendis. Það teljast einnig skemmtiferðaskip í millilandasiglingum sem kemur með farþega til landsins og skilar þeim hér í land og tekur aðra farþega um borð sem fara með skiptinu til útlanda, sbr. einnig umfjöllun í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. Þá þarf skip að festa landfestar í erlendri höfn í hverri ferð til að geta talist skip í millilandasiglingu, sbr. einnig 6. tölul. 1. gr. tollalaga, nr. 88/2005.

Um 22. gr.

Lagt er til að ný grein komi í stað gildandi 3. gr. í lögum um gistináttaskatt, nr. 87/2011. Ekki er um efnislega breytingu að ræða frá gildandi 3. gr., að því undanskildu að lagt er til að b-liður núgildandi 3. gr. verði fluttur yfir í nýja lagagrein, 3. gr. b, þar sem hann gildir um skemmtiferðaskip í millilandasiglingu.

Um 23. gr.

Með greininni er lagt til að tveimur nýjum greinum, 3. gr. a og 3. gr. b, ásamt fyrirsögnum, verði bætt við lög um gistináttaskatt, nr. 87/2011, á eftir 3. gr. laganna. Í 1. mgr. 3. gr. a er kveðið á um að greiða skuli innviðagjald fyrir hvern farþega um borð í skemmtiferðaskipi í millilandasiglingu meðan skipið er á tollsvæði ríkisins eins og það er skilgreint í 2. gr. tollalaga, nr. 88/2005. Í 2. mgr. 3. gr. a er fjárhæð innviðagjalds tilgreint. Fjárhæðin tekur annars vegar mið af ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til ársins 2030 sem kom fram í þingsályktun menningar- og viðskiptaráðherra og var samþykkt á Alþingi 21. júní 2024 (1036. mál), sbr. umfjöllun í kafla 3.16 í frumvarpinu. Hins vegar tekur fjárhæðin mið af fyrirhugaðri breytingu á gjaldtöku á ferðaþjónustu sbr. umfjöllun á bls. 126 í frumvarpi til fjárlaga 2025 (1. mál á 155. löggjafarþingi). Þar sem starfsemi skemmtiferðaskipa í millilandasiglingum fellur ekki undir lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, er ekki þörf á að tilgreina sérstaklega í ákvæðinu að innviðagjaldið myndi ekki gjaldstofn til virðisaukaskatts. Í 3. gr. b er kveðið á

um hvernær ekki beri að greiða innviðagjald. Ekki er um efnislega breytingu að ræða. A-liður á sér hliðstæðu í núgildandi b-lið 3. gr. og b-liður á sér hliðstæðu í núgildandi c-lið 3. gr.

Um 24. gr.

Greinin mælir fyrir um hverjir eru skattskyldir aðilar samkvæmt lögum um gistináttaskatt, nr. 87/2011. Þeim sem selja gistináttaeiningar skv. 1. mgr. 2. gr., sbr. 1. mgr. 21. gr. frumvarpsins, og rekstraraðilum skemmtiferðaskipa í innanlandssiglingum um Ísland skv. 2. mgr. 2. gr., sbr. einnig 2. mgr. 21. gr. frumvarpsins, ber skylda til að greiða gistináttaskatt. Rekstraraðilum skemmtiferðaskipa í millilandasiglingum skv. 3. gr. a, sbr. a-lið 23. gr. frumvarpsins, ber hins vegar skylda til að greiða innviðagjald. Að öðru leyti er greinin að mestu samhljóða 4. gr. gildandi laga.

Um 25. gr.

Greinin fjallar um álagningu gistináttaskatts, uppgjörstímabil og skýrsluskil til Skattsins. Greinin er að mestu samhljóða 5. gr. laga um gistináttaskatt, nr. 87/2011, að því undanskildu að tilvísanir til skemmtiferðaskipa í millilandasiglingum er ekki að finna í greininni auk þess sem að í greininni er gert ráð fyrir að skil og uppgjör skemmtiferðaskipa í innanlandssiglingum á gistináttaskatti verði með sama hætti og hjá þeim sem selja gistináttaeiningar skv. 1. mgr. 2. gr., sbr. 1. mgr. 21. gr. frumvarpsins.

Um 26. gr.

Samkvæmt greininni er lagt til að nýrri grein verði bætt við lög um gistináttaskatt, nr. 87/2011, um álagningu innviðagjalds skv. 3. gr. a, sbr. b-lið 23. gr. frumvarpsins, uppgjörstímabil og skýrsluskil til Skattsins. Uppgjör á innviðagjaldi verður með sama hætti og nú gildir um uppgjör á gistináttaskatti fyrir skemmtiferðaskip skv. 5. gr. gildandi laga að því undanskildu að gjalddagi innviðagjalds verður sjö dögum eftir að skip yfirgefur tollsvæðis ríkisins. Gjald daginn er færður fram til að gefa rekstraraðilum skemmtiferðaskipa aukið svigrúm til að ljúka skýrsluskilum og uppgjöri á gistináttaskatti.

Um 27. gr.

Með breytingu á 6. gr. laga um gistináttaskatt, nr. 87/2011, er tryggt að viðurlögin samkvæmt ákvæðinu nái til vanskila á gistináttaskatti sem skemmtiferðaskip í innanlandssiglingum um Ísland eiga að skila og til vanskila á innviðagjaldi sem skemmtiferðaskip í millilandasiglingum eiga að skila.

Um 28. gr.

Gerðar voru breytingar á lögum um váttryggingasamninga með lögum nr. 61/2019. Í skýringum með þeirri grein sem varð 1. gr. laganna segir að ekki hafi verið ætlunin að gera efnisbreytingar á reglum sem 1. gr. tæki til og að 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins væri efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 61. gr. laganna eins og þær voru fyrir breytinguna. Einungis væri um lítilsháttar orðalagsbreytingar að ræða. Að því er varðar skilgreiningu á hugtakinu persónutrygging varð sú breyting að í stað vísunar til líftrygginga, slysatrygginga og sjúkratrygginga kom inn vísun til líf- og heilsutrygginga. Í þeirri breytingu felst, að teknu tilliti til skilgreiningar á hugtakinu skaðatrygging, að allar slysatryggingar og sjúkratryggingar eru felldar undir skaðatryggingar með tilheyrandi skerðingu á réttarstöðu hinna váttryggðu, þó það hafi ekki verið ætlunin með breytingunni. Það sést auk þess víða á orðalagi í greinum III. hluta laganna, sem nú fjallar um persónutryggingar, að þeim er líka ætlað að taka til slysa- og

sjúkratrygginga, sbr. t.d. 3. mgr. 75. gr., 2. mgr. 76. gr., fyrirsögn 79. gr. og 1. og 5. mgr. þeirrar greinar, 1. mgr. 89. gr., 3. mgr. 96. gr. og fyrirsögn og 1. mgr. 124. gr. laganna.

Því er lagt til að skilgreining í 3. mgr. 1. gr. verði færð til samræmis við þá lögmæltu skilgreiningu sem beitt var frá gildistöku laganna og farið hefur verið eftir í framkvæmd váttryggingastarfsemi, einnig eftir gildistöku laga nr. 61/2019. Þess skal getið að lög um váttryggingarsamninga voru samin að norski fyrirmynd, en þar hefur ekki verið hreyft við upphaflegum skilgreiningum á hugtökunum skaðatrygging og persónutrygging.

Um 29. gr.

Í 21. tölul. 2. mgr. 2. gr. laga um váttryggingarsamninga, eins og þeirri grein var breytt með 2. gr. laga nr. 61/2019, er skilgreint hugtakið: Váttryggingatengd fjárfestingarafurð. Það er gert með svokallaðri jákvæðri skilgreiningu í upphafi málsgreinarinnar, en síðan segir að til þeirra heyri þó ekki afurðir þær sem tilgreindar séu í a. til e. staflaðum málsgreinarinnar. Afurðin sem tilgreind er í a-lið er sögð vera: „skaðatryggingar skv. 20. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016“. Er þó ljóst af texta 20. gr. laga um váttryggingastarfsemi að sú grein á ekki eingöngu við um skaðatryggingar, heldur einnig mikilvæga flokka persónutrygginga, þ.e. aðrar en þær sem tilgreindar eru í 21. gr. laganna. Þannig eru slysatryggingar taldar upp í 1. tölul. 1. mgr. 20. gr. og svo fjórar undirtegundir þeirra og í 2. tölulið málsgreinarinnar eru nefndar sjúkratryggingar og svo þrjár undirflokkar þeirra. Þess vegna þarf að lagfæra orðalag a-liðar þannig að orðunum „eða persónutryggingar“ verði bætt við, til þess að núverandi orðalag leiði ekki til misskilnings.

Um 30. gr.

Að teknu tilliti til þess að í 20. gr. laga um váttryggingastarfsemi er ekki aðeins fjallað um skaðatryggingar, heldur einnig tvo viðamikla flokka persónutrygginga, þ.e. slysatryggingar og sjúkratryggingar og undirflokkar þeirra, er nauðsynlegt að bæta við tilvísun til þeirra persónutrygginga sem falla undir 20. gr. laga um váttryggingastarfsemi í 1. másl. 1. mgr. 10. gr. Með sama hætti þarf að lagfæra efni 2. másl. 1. mgr. þannig að útbúa verði slíkt staðlað upplýsingaskjal vegna allra váttrygginga sem málsgreinin, breytt eins og lagt er til, tekur til.

Þá er nauðsynlegt að fella út orðið „skaðatryggingar“ í fyrirsögn greinarinnar til samræmis við framangreindar breytingar á ákvæðinu.

Um 31. gr.

Lagt er til að úr fyrirsögn 11. gr. laganna verði felld niður orðin „vegna persónutrygginga“. Ákvæðið tekur aðeins til lítils hluta persónutrygginga, þ.e. líftrygginga og annarra váttrygginga sem falla undir 21. gr. laga um váttryggingastarfsemi. Er því ónákvæmt að hafa vísun í fyrirsögn til allra persónutrygginga.

Með því að breyta fyrirsögninni og 10. gr. laganna, eins og lagt er til í frumvarpinu, bera ákvæðin með sér að staðlað upplýsingaskjal er notað fyrir þær váttryggingar sem falla undir 20. gr. laga um váttryggingastarfsemi en sérstök upplýsingaskjöl, og þá ekki stöðluð, um þær váttryggingar sem falla undir 21. gr. sömu laga. Þetta samræmist því að ríkari upplýsingaskylda váttryggjanda, eða þess sem dreifir váttryggingum, gildir um þær váttryggingar sem falla undir 21. gr. laganna.

Um XI. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins eru gerðar tillögur til nokkurra breytinga á tilgreindum ákvæðum í lögum um váttryggingastarfsemi. Þær breytingartillögur miða allar að því að ná

betra innbyrðis samræmi í orð- og hugtakanotkun í lögnum og betra samræmi við hugtakanotkun í lögum um váttryggingarsamninga. Hér er lagt til að nokkrum greinum í VI. kafla laganna, sem fjalla um starfsleyfi, verði breytt. Ekki er talin þörf á því í XII. kafla að bæta við í framhaldi af orðinu „skaðatryggingafélag“, sem oft kemur fyrir, orðunum „sem einnig geta veitt persónutryggingar samkvæmt 20. gr.“ þótt það gæti e.t.v. verið til skýringar. Ástæðan er sú að það er ljóst af 20. gr. laganna, með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi þessu, að félag sem veitir skaðatryggingar getur einnig veitt tiltekna flokka persónutrygginga. Það er því óþarfi að gera breytingar á öllum þeim tilvikum þar sem orðið skaðatryggingafélag (eða fleirtala þess orðs) er notað og bæta framangreindum orðum við. Hið sama á við notkun orðsins „skaðatryggingastarfsemi“, sbr. XII. kafla laganna. Ljóst er samkvæmt 20. gr. laganna að hluti af henni er oft „persónutryggingastarfsemi“ og er slíkt heimilt samkvæmt 20. gr. eins og áður segir. Þótt orðnotkun 3. mgr. 27. gr. laganna sé e.t.v. ekki nákvæm er hér ekki talin þörf á að gera breytingartillögur í ljósi þeirra breytinga sem lagt er til að gerðar verði á 20. og 22. gr. laganna.

Um 32. gr.

Lögð er til breyting á 1. mgr. 2. gr. laganna, sem fjallar um gildissvið þeirra. Í tillögunni felst aðeins að orðalag ákvæðisins verður skýrara en það er í dag, enda er ljóst að frumtryggingastarfsemi á sviði persónutrygginga fellur undir váttryggingastarfsemi samkvæmt lögnum, en ekki bara frumtryggingastarfsemi á sviði líftrygginga, sem er aðeins lítil hluti persónutrygginga.

Um 33. gr.

Lagt er til að orðalagi 1. másl. 1. mgr. og í 1. másl. 2. mgr. 20. gr. verði breytt þar sem ákvæðið óbreytt gerir ekki ráð fyrir að neinar persónutryggingar falli undir 20. gr. Þá er lagt til að fyrirsögn ákvæðisins verði breytt til samræmis við þetta. Nægilegt er að breyta fyrirsögninni með lítils háttar lagfæringu, þ.e. með því að bæta við skammstöfuninni „o.fl.“.

Um 34. gr.

Tilgangur þeirrar breytingar sem lögð er til í frumvarpinu er að fram komi að starfsleyfi í endurtryggingum taki líka til tiltekinna greinaflokka persónutrygginga, þ.e. þeirra sem getið er í 20. gr. laganna, en ekki aðeins hluta þeirra, þ.e. líf- og heilsutrygginga eins og núverandi orðalag ber með sér.

Um 35. gr.

Tillagan felur aðeins í sér breytingar á orðaröð, þannig að nota megi orðið skaðatryggingastarfsemi í stað orðsins skaðatrygginga. Enga efnisbreytingu leiðir af tillögunni, enda getur í skaðatryggingastarfsemi falist að veita persónutryggingar samkvæmt 20. gr. laganna.

Um 36. gr.

Í skýringum með 25. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um dreifingu váttrygginga, nr. 62/2019, segir að ákvæði greinarinnar sé í samræmi við viðauka I í tilskipun 2016/97/ESB og að þar séu tilgreind sérstök hæfisskilyrði við dreifingu skaðatrygginga, persónutrygginga og váttryggingartengdra fjárfestingarafurða. Að teknu tilliti til framsetningar og efnis viðaukans og viðauka I og II við tilskipun 2009/138/EB er ljóst að orðið „skaðaáætla“ í I. viðauka tilskipunar 2016/97/ESB tekur ekki aðeins til skaðatrygginga heldur líka persónutrygginga

annarra en þeirra sem fjallað er um í 21. gr. laga um váttryggingastarfsemi. Af þessu leiðir að til að halda samræmi í orðnotkun milli þeirra þriggja lagabálka á sviði váttrygginga sem tilgreindir eru í almennum hluta greinargerðar þessarar og til þess að hafa texta þessarar greinar í samræmi við tilskipunina sem löggin eru reist á, er nauðsynlegt að leggja til orðalagsbreytingu á 1. másl. 1. mgr. og upphafi 1. másl. 2. mgr. 25. gr. laganna.

Bæta þarf orðunum „og tilgreindra persónutrygginga“ við 1. másl. 1. mgr. þannig að 1. mgr. eigi við um dreifingu bæði skaðatrygginga og þeirra persónutrygginga sem tilgreindar eru í 1. mgr. 20. gr. laga um váttryggingastarfsemi. Þá þarf upphaf 1. másl. 2. mgr. greinarinnar að vera þannig að málsgreinin eigi aðeins við um þá sem dreifa persónutryggingum skv. 21. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, þ.e. líf- og tilgreindra heilsutrygginga.

Um 37. gr.

Í greininni er mælt fyrir um nýtt heiti á lögnum. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringar.

Um 38. gr.

Hér er lagt til að sjö nýjum greinum verði bætt við lög um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, þar sem kveðið verður á um nýtt gjald á nikótínvörur, vökva í einnota rafrettur og vökva til áfyllingar fyrir rafrettur, sem fluttar eru hingað til lands eða eru framleiddar hér á landi. Um rök fyrir upptöku umrædds gjalds vísast til kafla 3.18 en um er að ræða gjaldtöku sem svipar til bæði áfengis- og tóbaksgjalds og að kveðið verði á um það í sömu lögum.

Í a-lið (10 gr. b) er kveðið á um að lagt skuli á sérstakt gjald á allar nikótínvörur, vökva í einnota rafrettum og áfyllingarvökva fyrir rafrettur, sem fluttur er til landsins eða er framleiddur hér á landi. Umræddar vörur flokkast allar í 24. kafla tollskrár. Þá er með nikótínvörum, vökva í einnota rafrettum og vökva til áfyllingar fyrir rafrettur átt við vörur sem falla undir lög um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018, en ekki stendur til að leggja gjald á vörur sem falla undir 2. mgr. 2. gr. þeirra laga um lyf og lækningartæki.

Í b-lið (10. gr. c) er kveðið á um hverjir skuli gjaldskyldir, þ.e. hverjum beri að greiða gjaldið til ríkissjóðs. eru það annars vegar þeir sem eru með atvinnustarfsemi, þ.e. flytja inn nikótínvörur, einnota rafrettur og vökva til áfyllingar fyrir rafrettur til endursölu hér á landi eða stunda framleiðslu hér á landi. Þá verða þeir einnig gjaldskyldir sem flytja framangreindar vörur með sér inn í landið til eigin nota eða fá þær sendar erlendis frá án þess að vörurnar séu ætlaðar til sölu eða vinnslu. Gjafir falla jafnframt hér undir. Ennfremur er lagt til að kveðið verði á um undanþágu þeirra aðila sem njóta réttar til endurgreiðslu virðisaukaskatts samkvæmt 10. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

Í c-lið (10 gr. d) er kveðið á um fjárhæðir þeirra gjalda sem greiða skal við innflutning eða framleiðslu. Gjaldið skal vera 30 kr. fyrir hvert gramm af heildarþyngd vöru þegar kemur að nikótínvörum og 60 kr. á hvern millilítra af vökva í einnota rafrettum og í áfyllingarvökva. Tollfrjálsum verslunum ber að innheimta 50% af almennu gjaldi skv. 1.-3. tölul. 1. mgr. ákvæðisins. Þá er tollyfirvöldum heimilt að meta magn og ákvarða gjald eftir því ef umbúðir greina ekki magn.

Í d-lið (10 gr. e) er kveðið á um skyldu gjaldskyldra aðila til að tilkynna starfsemi sína til ríkisskattstjóra sem heldur skrá yfir framleiðsluaðila og þá sem flytja inn nikótínvörur, einnota rafrettur og áfyllingarvökva í rafrettur til endursölu.

Í e-lið (10 gr. f) er fjallað um innheimtu gjaldsins. Er gert ráð fyrir að gjald af innflutningi verði greitt við tollafgreiðslu og að gjald af innlendri framleiðslu verði greitt miðað við sölu

eða afhendingu frá verksmiðju eða framleiðanda til kaupanda og skulu þeir sem eru gjaldskyldir ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs það gjald sem þeim ber að standa skil á, í því umdæmi þar sem þeir eru heimilisfastir. Greiðslu skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um hina gjaldskyldu sölu.

Í f-lið (10. gr. g) er lagt til að innflytjendum og framleiðendum verði gert að sæta álagi ef gjald vegna nikótínvara, einnota rafretta og áfyllingarvökva í rafrettur er ekki innt af hendi á gjalddaga, sbr. 2. mgr. Hið sama gildir ef gjald hefur verið áætlað á framleiðanda vegna þess að skýrslu hefur ekki verið skilað inn eða henni verið ábótavant, nema hann hafi greitt fyrir gjalddaga upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fullnægjandi skýringu á vafaatriðum fyrir lok kærufrests. Ef gjaldið er ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Þá er lagt til að lögfest verði sú skylda ríkisskattstjóra að synja innflytjanda og/eða framleiðanda nikótínvara, einnota rafretta eða áfyllingarvökva í rafrettur um frekari greiðslufrest á meðan vanskil vara. Þá er lagt til að lögfestur verði stöðvunarréttur til handa tollyfirvöldum ef ítrekuð eða stórfelld vanskil eru á greiðslu gjaldsins, álags og dráttarvaxta. Þessi stöðvunarréttur, sem er án fyrirvara, felur í sér heimild til þess að stöðva tollafgreiðslu á vörum til hvort heldur er innflytjanda eða framleiðanda og láta lögreglu stöðva atvinnurekstur þeirra, m.a. með því að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð, enda telji tollyfirvöld hagsmuni ríkissjóðs ekki tryggða með öðrum hætti. Eðlilegt þykir að tollyfirvöld hafi þennan stöðvunarrétt þegar ítrekuð eða stórfelld vanskil verða á gjaldinu, enda er um vörsluskatt að ræða sem gera má ráð fyrir að geti varðað umtalsverðum fjárhæðum.

Í g-lið (10.gr. h) er gert ráð fyrir að heimilt verði að endurgreiða eða fella niður gjald af nikótínvörum, einnota rafrettum og áfyllingarvökva í rafrettur, í ákveðnum tilvikum svo sem þegar því er ráðstafað til gjaldfrjálsra aðila eða vörur endursendar úr landi.

Um 39. og 40. gr.

Í greinunum er lagt til að bæta nikótínvörum, vökva í einnota rafrettur og vökva til áfyllingar fyrir rafrettur í ákvæði laga um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995. Það er í samræmi við breytt heiti laganna verði frumvarpið að lögum.

Um 41. gr.

Í greininni er lagt til ákvæði til bráðabirgða um að gjaldskyldum aðilum sem framleiða nikótínvörur, vökva í einnota rafrettur eða vökva til áfyllingar í rafrettur hér á landi ber að tilkynna ríkisskattstjóra um starfsemi sína eigi síðar en 15. janúar 2025.

Um 42. gr.

Í greininni er lagt til að skýra betur að eigandi að verkefni sé jafnframt sá sem ber fjárhagslega áhættu af því. Ekki er því um að ræða efnisbreytingu heldur skýrara orðalag.

Um 43. gr.

Lagðar eru til breytingar á orðskýringum sem finna má í 3. gr. laganna. Er hér fyrst og fremst verið að tilgreina hugtök með skýrari hætti án þess þó að um efnislega breytingu sé að ræða. Í skilgreiningu á rannsóknar- og þróunarkostnaði er t.d. ekki sérstaklega tilgreint að fjármagnskostnaður og kostnaður af sölu og markaðsstarfsemi falli utan rannsóknar- og/eða þróunarkostnaðar sem hefur valdið misskilningi. Erlendis er fellur slíkur kostnaður almennt fyrir utan kostnað sem talist getur til rannsóknar- og eða þróunarkostnaðar. Þá er lagt til að

kostnaður við húsnæði falli ennfremur ekki undir það að vera beinn kostnaður, þ.e. leiga eða fyrningar. Er hér því verið að skerpa frekar á því hvers konar kostnaður fellur hér undir sem talinn er upp í 5. tölul. 3. gr. laganna. Það sama á við um hugtökin „Rannsóknir og þróun“ í 6. tölul. 3. gr. og „Viðskiptaáætlun“ í 9. tölul. en með frumvarpinu er leitast við skýra hugtökin frekar miðað við nógildandi skýringar án þess að gerðar séu efnisbreytingar á hugtakaskýringu.

Um 44. gr.

Lagt er til að nýjum málslið verði bætt við 2. mgr. 4. gr. laganna. Er tillagan í samræmi við ábendingar í skýrslu OECD að því er varðar tengda aðila. Til að einfalda eftirlit að því er varðar umsóknir samkvæmt 4. gr. laganna þykir eðlilegt að tengdir aðilar séu sérstaklega tilgreindir í umsókn sem kunna einnig að hafa lagt inn umsókn til Rannís.

Um 45. gr.

Lagt er til að breyting verði gerð á orðalagi 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna. Í ljósi kröfu OECD um aukin skýrleika laganna þykir mega skerpa á skilgreiningu um menntun starfsfólks umsóknarfyrirtækis og gera kröfum um sérmenntað starfsfólk á þeim fagsviðum sem hugmynd að virðisaukandi vöru, þjónustu eða framleiðsluaðferð byggist á.

Þá er lögð til sú breyting að einungis er heimilt að framlengja umsókn um sama verkefni sem fengið hefur staðfestingu samkvæmt 5. gr. í tvígang. Ef sama verkefni hefur fengið framlengingu í tvígang getur umsækjandi sótt um staðfestingu á nýju verkefni sem byggir á fyrra verkefni, en þó aðeins að verkefnið hafi náð ákveðnum áfangamarkmiðum og að byggt sé á þeim árangri í nýju verkefni. Ekki er því hægt að sækja um nýtt verkefni ef enginn marktækur, mælanlegur, árangur sem að var stefnt í fyrri umsókn, hefur náðst.

Borið hefur á því að sömu fyrirtækin sæki um staðfestingu verkefnis til Rannís mörg ár í röð. Engin takmörkun er í lögnum um hversu oft fyrirtæki geti sótt um staðfestingu á grundvelli sama verkefnis. Hér kann að skapast ákveðin freistni fyrir fyrirtæki að leggja inn umsókn ár eftir ár þrátt fyrir að áhöld kunni að vera upp í hvort verkefni geti enn talist vera rannsóknar- og þróunarverkefni í stað þess að kostnaður vegna þess sé til viðhalds á starfsemi og því orðinn eðlilegur rekstrarkostnaður fyrirtækja. Því er lagt til að fyrirtæki geti að hámarki sótt um og fengið staðfestingu samkvæmt 5. gr. laganna í þrjúgang. Hins vegar ef sama verkefni hefur fengið framlengingu í tvígang getur umsækjandi sótt um staðfestingu á nýju verkefni sem byggir á fyrra verkefni sem enn gæti talist þróunarverkefni.

Þá er lögð til heimild til handa Rannís að afturkalla samþykki verkefnis. Ekki er að finna í lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki ákvæði um afturköllun á fenginni staðfestingu fyrirtækja komi í ljós að umsóknin hafi ekki átt rétt á sér þar sem upplýsingagjöf eða gögn með umsókn hafi ekki verið í samræmi við ákvæði 4. og 5. gr. laganna. Telja verður eðlilegt að slíkt ákvæði sé í lögnum þannig hægt sé að endurmeta forsendur umsóknar þegar ljóst er að upplýsingar í umsókn hafa verið rangar, villandi eða vafasamar. Að öðrum kosti kann að skapast freistni við að gera ranga umsókn og jafnvel með það fyrir augum að villa um fyrir Rannís í því skyni að fá staðfestingu verkefnis.

Um 46. gr.

Lagt er til að á eftir 1. mgr. 8. gr. komi ný málsgrein er taki til upplýsingaskipta. Ein af ábendingum OECD var sú að auka þyrfti samstarf milli Rannís og Skattsins, skýra verkaskiptingu og valdheimildir stofnananna svo og að auka á flæði gagna milli stofnananna ásamt auknu eftirliti Skattsins. Því eru lagðar til víðtækari heimildir ríkisskattstjóra til

miðlunar gagna, en þegar eru til staðar sbr. lokamálslið 3. mgr. 8. gr. laganna. Heimildin tekur til að afhenda upplýsingar úr skattframtölum þeirra nýsköpunarfyrirtækja sem sækja um eða hafa fengið viðurkennd verkefni skv. lögnum. Um starfsemi ríkiskattstjóra gilda sérstök þagnarskylduákvæði, sbr. 117. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, en um þagnarskyldu Rannís gilda ákvæði 42. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Um 47. gr.

Þar sem bráðabirgðaákvæði I. og II. í lögnum sem sett voru vegna sérstakra ástæðna í þjóðfélaginu sem tengdust m.a. Covid 19, eru nú að renna sitt skeið á enda er lagt til að framkvæmdarákvæði 10. gr. komi að fullu til framkvæmda rekstrarárið 2025. Af þeim sökum er lagt til að í 1. mgr. verði gerð grein fyrir hundradshlutum af útlögðum kostnaði vegna nýsköpunar og/eða þróunarverkefna samkvæmt lögum þessum. Ástæða þykir til að halda aðskildum frádráttarrétti þegar um lítil og meðalstór fyrirtæki er ræða annars vegar og stór fyrirtæki hins vegar að því gefnu að um sé að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað í skilningi 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Er sú aðgreining í samræmi við þær ábendingar sem fram koma í skýrslu OECD. Í samræmi við niðurstöður OECD um að markmiðum laganna sé frekar mætt með stuðningi við minni fyrirtæki er lagt til að í stað þess að stuðningurinn verði 20% fyrir öll fyrirtæki þá verði hann 35% fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og 15% fyrir stór fyrirtæki. Þá verði hámarksþak frádráttabærs kostnaðar það sama og fyrir hækkun í tengslum við aðgerðir á COVID tímabilinu, eða 900 m.kr.

A eftir orðinu „útlögðum“ í 1. mgr. er lagt til að komi „styrkhæfum“ til skýringar á því að eingöngu sá kostnaður sem telst styrkhæfur kemur til greina við útreikning skattafrádráttar.

Þá er lagt til að skýrt komi fram að nýsköpunarfyrirtæki skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna taki til tengdra aðila sem og að lögfesta skiptingu kostnaðar ef samanlagður kostnaður fer umfram hámark samkvæmt lögnum. Er horft hér til þeirra ábendinga sem fram koma í skýrslu OECD. Ástæða þykir að lögfesta hvað sé átt við með tengdum aðilum. Er því lagt til að notuð sé sú skilgreining sem fram kemur í 7. gr. reglugerð nr. 758/2011, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

Í 5. málsgrein er lagt til er lagt til að frádráttur samkvæmt lögnum vegna aðkeyptrar þjónustu, sé aðeins heimill þegar þjónusta vegna rannsóknar- og þróunarverkefnis er keypt af fyrirtækjum innan EES eða landa sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning eða upplýsingaskiptasamning við. Með þessari breytingu er reynt að tryggja að unnt sé að afla upplýsinga um fjármuni sem fara yfir landamæri og þannig að stemma stigu við að erlendur aðili sé að fá afrakstur þess verkefnis sem unnið er hér á landi, auk þess sem þessi breyting spornar við því að gefnir séu út tilhæfulausir reikningar. Jafnframt er lagt til að reglur um að „kostnaður vegna aðkeyptrar vinnu frá tengdum aðilum“ teljist ekki til frádráttabærs kostnaðar, séu teknar skýrt fram í lögnum í stað þess að vera eingöngu að finna í 4. tölul. 1. mgr. 5. gr. í reglugerð nr. 758/2011 sem stundum hefur valdið misskilningi hjá umsækjendum vegna flókans orðalags í þeirri grein. Hér skal tekið fram um kostnað vegna aðkeyptrar vinnu frá tengdum aðilum að með þessari breytingu er verið að auka skýrleika en ekki um breytingu á ríkjandi framkvæmd Rannís við staðfestingu verkefna að ræða.

Um 48. gr.

Lagt er til að við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein þar sem ríkisskattstjóra er heimilt að krefja greiðslu á 25% álagi á þeim kostnað sem er oftalin ef í ljós kemur að um óstyrkhæfan kostnað sé að ræða en að falla skuli frá lækkuninni ef telja má að skattaðila verði eigi kennt um annmarkana. Engin ákvæði er að finna í núgildandi lögum um stuðning við

nýsköpunarfyrirtæki sem veita ríkisskattstjóra heimild til beitingar viðurlaga komi í ljós að styrkhafi hafi talið fram óstyrkhæfan kostnað. Er hér horft til almennrar reglu um beitingu viðurlaga komi í ljós oftalinn rekstrarkostnaður til frádráttar tekjum. Þó ber ríkisskattstjóra að falla frá lækkun komi í ljós að skattaðila verði ekki kennt um anmarka.

Um 49. gr.

Í 8. gr. er fjallað um refsingar ef brotið er gegn lögunum. Er lagt til að sömu refsingar gildi að þessu leyti og gilda almennt í tekjuskatti, þ.e. ef um brot er að ræða þá er hægt að gera lögaðila sekt vegna þess brots, og eftir atvikum fyrirsvarsmanna eða starfsmanna. Þá er lagt til að almenn hegningarlög taki til alvarlegri brota gegn lögunum í þeim tilvikum þegar skattafrádráttur er greiddur út og um einhvers konar fölsun eða tilhæfulausa reikninga er að ræða sem á er byggt til grundvallar útreikningi skattafrádráttar.

Um 50. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.